# 102. og 103. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2013–2014

**Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra**
**Eyglóar Harðardóttur**
**til Alþingis**

**Velferðarráðuneytið**
**maí 2015**

**EFNISYFIRLIT**

1 INNGANGUR ........ 5
2. 102. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2013 ........ 8
2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA ........ 8
2.2 KJÖRBRÉFANEFND ........ 9
2.3 RÆÐUR ........ 9
2.4 FJÁRMÁL ........ 10
2.5 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA ........ 11
2.6 MANNSÆMANDI VINNUSKILYRÐI, GRÆN STÖRF OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN ........ 13
2.7 VINNA, FÉLAGSLEG VERND OG LÝÐFRÆÐILEG ÞRÓUN ........ 13
2.8 ÞRÍHLIÐA SAMRÆÐUR MEÐ HLIÐSJÓN AF YFIRLÝSINGUNNI UM FÉLAGSLEGT RÉTTLÆTI FYRIR SANNGJARNA ALÞJÓÐAVÆÐINGU ........ 14
2.9 SKÝRSLA FORSTJÓRA: ILO Í ÁTT AÐ ALDARAFMÆLI ........ 15
3. 103. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2014 ........ 15
3.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA ........ 15
3.2 KJÖRBRÉFANEFND ........ 16
3.3 FJÁRMÁL ........ 16
3.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA ........ 16
3.5 REGLUBUNDIN UMRÆÐA UM STÖÐU VINNUMÁLA Í HEIMINUM ........ 18
3.6 BÓKUN OG TILMÆLI VIÐ SAMÞYKKT ILO NR. 29, UM AFNÁM NAUÐUNGARVINNU ........ 18
3.7 AÐGERÐIR TIL AÐ GERA ÓFORMLEGA HAGKERFIÐ FORMLEGT ........ 19
3.8 BREYTINGAR Á SAMÞYKKT ILO NR. 186, UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA ........ 20
4. Evrópuráðstefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ........ 20
Fylgiskjal I ........ 25
BÓKUN VIÐ SAMÞYKKT UM NAUÐUNGARVINNU, 1930 ........ 25
Fylgiskjal II ........ 30
TILMÆLI NR. 203, UM VIÐBÓTARRÁÐSTAFANIR TIL SKILVIRKS AFNÁMS NAUÐUNGARVINNU ........ 30
Fylgiskjal III ........ 36
BREYTINGAR Á SAMÞYKKT NR. 186, UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA, FRÁ ÁRINU 2006 ........ 36
Fylgiskjal IV ........ 44

Yfirlýsing 9. Evrópuráðstefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ....................44
Fylgiskjal V ....................46
Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ....................46
Fylgiskjal VI ....................56
Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ....................56
Fylgiskjal VII ....................59
Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu 1945–2006 ....................59
Fylgiskjal VIII ....................67
Samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins 1919–2014 ....................67

# Skýrsla

**félags- og húsnæðismálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur,
til Alþingis um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)
sem haldin voru á árunum 2013 og 2014**

(Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2014–2015.)

---

*1 INNGANGUR*

Á þessu ári verða liðin 70 ár frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Þeirra tímamóta verður án vafa minnst með margvíslegum hætti. Litið verður yfir farinn veg og vegið og metið hver árangurinn af starfi samtakanna hafi orðið einkum með hliðsjón af markmiðinu um að skapa friðsamlegri heim. Þar mun sitt sýnast hverjum sem á lítur. Ekki er því að neita að ýmislegt hefur drifið á dagana. Kjarnorkukapphlaupið, Kúbudeilan, deilurnar um skiptingu Þýskalands og Berlínar, Víetnam, viðloðandi átök fyrir botni Miðjarðarhafs, fall kommúnismans í Austur-Evrópu, stríð á Krímskaga, Persaflóaátökin, glæpir gegn mannkyni í Afríku og margt fleira hefur komið til umfjöllunar á þessum sameiginlega vettvangi alþjóðasamfélagsins. Hér verður ekki felldur dómur um árangur. Eitt er þó víst. Sameinuðu þjóðirnar hafa verið vettvangur skoðanaskipta á milli fulltrúa þjóða sem hafa leitað friðsamlegra lausna á deilumálum sem uppi hafa verið.

Það er skammt í stórafmæli annarrar stofnunar sem tengist Sameinuðu þjóðunum sem einnig hefur verið vettvangur skoðanaskipta hagsmunaafla sem gegna lykilhlutverki í sérhverju þjóðfélagi. Árið 2019 verða liðin 100 ár frá því að Alþjóðavinnumálastofnuninni var skapaður starfsgrundvöllur með ákvæðunum í XIII. kafla Versalasáttmálans. Undirritun hans batt endi á fyrri heimstyrjöldina sem var einhver mesti hildarleikur sem heimsbyggðin hafði upplifað fram til þess tíma. Í þessum kafla sáttmálans er kveðið á um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegu félagslegu átaki þjóðanna. Sérstaklega er tekið fram að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að vísirinn að árekstrum, sem leiða til styrjalda þjóða í milli, leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búa við í hinum ýmsu löndum. Um markmið ILO segir í þingsályktunartillögu frá árinu 1944 að það sé að efla félagslegt réttlæti í öllum löndum heims. Í því skyni viði stofnunin að sér upplýsingum um atvinnumál og ástand í félagsmálum, ákveði lágmarkskröfur og samræmi þær í hverju landi eftir aðstæðum þess og þörfum. Alþjóðavinnumálastofnunin var hluti af Þjóðabandalaginu fram til þess tíma að hún var gerð að sérstofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945.

Á aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verður starf hennar og árangur metinn ekki síður en Sameinuðu þjóðanna. Farið verður yfir hinar tæplega 190 samþykktir og rúmlega 200 tilmæli sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt á aldarlöngum starfsferli og kannað hvort og hver áhrifin hafa orðið. Ekki fer á milli mála að sumt hefur gengið miður en margt hefur áunnist. Langflest ríki hafa ákvæði í lögum sem tryggja réttinn til að stofna félög til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum. Sama gildir um réttinn til að semja um kaup og kjör. Bylting hefur orðið á skilningi á því að starfsmenn verði ekki fyrir heilsutjóni við vinnu sína og að starfsumhverfið sé öruggt. Mikill árangur hefur náðst í því að jafna kjör karla og kvenna þótt víða sé enn pottur brotinn á því sviði. Hugarfarsbreyting hefur átt sér stað að því er varðar vinnu barna. Fjöldi fullgildinga aðildarríkjanna á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd er til vitnis um þetta. Þörf fyrir lágmarks almannatryggingar er viðurkennd.

Þessi viðfangsefni verða vafalaust áfram á dagskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þótt blikur séu á lofti um að ný vandamál breyti forgangsröðinni. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Guy Ryder, vék að þessu í ræðu, sem hann hafði nýlega flutt í Dyflinni, þegar þessar línur eru skrifaðar. Í ræðunni varpar hann fram þeirri spurningu hvort fjármálakreppan, sem hófst haustið 2008, sé að baki og því tímabært að horfa fram á veginn. Líklega fari svarið við spurningunni eftir því hvort sá sem svarar sé í Dyflinni, Berlin eða Aþenu. Kjarninn sé samt sá að hvar sem ríki eru stödd á bataveginum sé nauðsynlegt að koma stöðu vinnumála í það horf sem var fyrir 2008. Tilfinning hans ersú að það verði ekki gert með hefðbundnum tækjum sem beitt hafi verið í vinnumarkaðsmálum. Aðstæður séu að mörgu leyti breyttar frá því sem áður var. Þar vegi þyngst hnattvæðingin. Einnig skipti miklu máli óstjórnin á sviði bankamála sem hafi leitt af sér misráðin fjármálaævintýri með hörmulegum afleiðingum fyrir framvinduna í vinnumálum. Það hljóti því að vera forgangsverkefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á næstu missirum að leita leiða til að takast á við þessi nýju vandamál.

Með þessari skýrslu er Alþingi gerð grein fyrir gerðum sem afgreiddar hafa verið af Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf. Það er gert í samræmi við ákvæði í 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þótt að þessu sinni sé fyrst og fremst um að ræða gerðir sem afgreiddar voru á 103. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2014 er einnig gerð grein fyrir starfi 102. þingsins árið 2013.

Eitt helsta viðfangsefni 103. þingsins var að fjalla um frekari aðgerðir til að vinna gegn nauðungarvinnu sem hefur tekið á sig nýja og breytta mynd í tímans rás frá því Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi samþykkt nr. 29 um þetta efni árið 1930. Afgreidd var bókun við samþykktina. Kjarni bókunarinnar kemur fram í fyrstu þremur greinum hennar. Þar er meðal annars kveðið á um skyldu aðildarríkis til að grípa til virkra ráðstafana til að koma í veg fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu og að veita fórnarlömbum vernd og aðgang að viðeigandi og skilvirkum úrræðum, svo sem bótum, og að þeir sem standa fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu sæti viðurlögum. Einnig er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að móta stefnu og áætlun á landsvísu um skilvirkt og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu í samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks. Stefnan skal felast í kerfisbundnum aðgerðum af hálfu lögbærra stjórnvalda og, eins og við á, í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks, auk annarra hópa sem málið varðar. Gildissvið samþykktar nr. 29 er áréttað en jafnframt tekið fram að ráðstafanir sem grípa skal til skulu einnig fela í sér sérstakar aðgerðir gegn mansali í tengslum við nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

Leitað hefur verið umsagnar innanríkisráðuneytisins á því hvort Ísland fullgildi bókunina við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29, um afnám nauðungarvinnu. Umsögn ráðuneytisins liggur ekki fyrir. Samstarfsnefnd velferðarráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur ekki lokið umfjöllun um hugsanlega fullgildingu bókunarinnar. Þar af leiðandi er ekki mælt með því að svo stöddu að bókunin verði fullgilt og því lagt til að afgreiðslu verði frestað.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi breytingar á samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, sem fela í sér skyldu skipstjórnarmanns til að hafa til reiðu um borð í skipi vottorð sem staðfesta fjárhagslega getu til að standa straum af kostnaði við að aðstoða skipverja sem lenda í áföllum, t.d. vegna slysa eða veikinda. Þess skal getið að samþykkt nr. 186 samanstendur af texta samþykktarinnar og kóðum þar sem nánar er fjallað um ýmis tæknileg atriði. Frá því í nóvember 2013 hefur vinnuhópur á vegum innanríkisráðuneytisins fjallað um hugsanlega fullgildingu samþykktar nr. 186. Í vinnuhópnum eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila auk fulltrúa hlutaðeigandi ráðuneyta. Breytingarnar á samþykktinni koma til umfjöllunar vinnuhópsins.

Á því tímabili sem skýrsla þessi tekur til var haldin 9. Evrópuráðstefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hún var haldin í Ósló dagana 8.–11. apríl 2013. Markmið ráðstefnunnar var að stuðla að skoðanaskiptum um viðbrögð við þeim neikvæðu áhrifum sem banka- og fjármálakreppan hafði haft á framvindu vinnumála. Atvinnuleysi ungs fólks var þátttakendum ofarlega í huga. Fram

kom í máli margra á fundinum að rík þörf væri fyrir skipulagsbreytingar og aðhaldsaðgerðir. Hins vegar væri nauðsynlegt að horfa fram á veginn og ekki eingöngu einblína á efnahagsmál og stöðu ríkisfjármála. Nauðsynlegt væri að hyggja að betra samræmi á milli stefnu í efnahagsmálum og vinnumálum. Yfirlýsing ráðstefnunnar er birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu.

Þótt á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins séu brýn umbótamál á sviði félags- og vinnumála snúast þingstörfin að verulegu leyti um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Umræða um þetta efni fer fram í fjölmennustu nefnd þingsins. Árið 2012 kom upp óvænt staða í þingnefndinni en fram til þess tíma hafði nefndarstarfið gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig. Talsmenn atvinnurekenda í nefndinni gerðu athugasemd við yfirlitsskýrslu sérfræðinganefndar stofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Athugasemdin laut að því að sérfræðinganefndin telur að réttur til að fara í verkfall njóti verndar samþykktarinnar. Þessu atriði eru fulltrúar atvinnurekenda ósammála. Talsmenn launafólks voru á öndverðum meiði og sammála sérfræðinganefndinni. Afleiðingin árið 2012 varð sú að þingnefndin var óstarfhæf. Við blasti að staðan yrði óbreytt á 102. Alþjóðavinnumálaþinginu 2013. Á síðustu stund náðist málamiðlun þannig að nefndin lauk verkefni sínu. Ágreiningurinn á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks blossaði upp að nýju á 103. þinginu 2014 og lenti að því er virtist í óleysanlegum hnút. Við lok þingsins stóð Alþjóðavinnumálastofnunin frammi fyrir einhverju erfiðasta ágreiningsmáli sem upp hafði komið í sögu hennar. Í köflum 2.5 og 3.4 í þessari skýrslu er gerð nánari grein fyrir þessu deilumáli. Þess má geta að dagana 23.–25. febrúar 2015 var haldinn fundur að frumkvæði forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf í Sviss. Í fundinum tóku þátt fulltrúar deiluaðila auk fulltrúa svæðisbundinna samstarfshópa aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Markmið fundarins var að leita lausna á þessari viðkvæmu deilu. Fundinum lauk með sameiginlegri yfirlýsingu þeirra fulltrúa sem tóku þátt í fundinum. Af yfirlýsingunni má ráða að deiluaðilar hafi náð samkomulagi um nokkur grundvallaratriði. Það vekur vonir um að starf nefndar Alþjóðavinnumálaþingsins um framkvæmd alþjóðasamþykkta komist í þann farveg sem aðilar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru sáttir við.

Ástæða er til þess að vekja á því athygli að framkvæmd íslenskra stjórnvalda á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, kom til umfjöllunar í nefnd 102. Alþjóðavinnumálaþingsins 2013 um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Í niðurstöðum nefndarinnar er Íslendingum hrósað fyrir framkvæmdina og að hún sé gott fordæmi öðrum þjóðum.

## *2. 102. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2013*

### 2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Alþjóðavinnumálaþingið, hið 102. í röðinni, var formlega sett í Þjóðabandalagshöllinni í Genf að morgni miðvikudagsins 5. júní og var slitið fimmtudaginn 20. júní árið 2013. Þingið fór að stærstum hluta fram í Þjóðabandalagshöllinni en eins og nokkur undanfarin ár fóru fundir fjölmennustu nefndarinnar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla, fram í byggingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Samkvæmt skýrslu kjörbréfanefndar þingsins tóku samtals þátt í þinginu tæplega fjögur þúsund og sex hundruð þingfulltrúar (4.569). Til samanburðar má geta þess að árið áður voru þingfulltrúar 5.327 og 5.469 árið 2011. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríki sem ákveður að taka þátt í þinginu að senda til þess sendinefnd sem skipuð er a.m.k. fjórum fulltrúum. Í henni eiga að sitja annars vegar fulltrúi samtaka atvinnurekenda og hins vegar fulltrúi launafólks auk tveggja fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar. Af 185 aðildarríkjum sendu 170 ríki sendinefndir til þingsins. Meðal þátttakenda voru 158 ráðherrar eða aðstoðarráðherrar.

Vinnu- og samgöngumálaráðherra Jórdanínu, Nidal Katamine, var kosinn forseti Alþjóðavinnumálaþingsins. Varaforsetar voru kjörnir: Rytis Paulauskas, fulltrúi ríkisstjórnar Litháen, úr röðum fulltrúa ríkisstjórna, Kamran Rahman, fulltrúi atvinnurekenda í Bangladess, og Eulogia Familia, fulltrúi launafólks í Dóminíkanska lýðveldinu.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir: Frá velferðarráðuneytinu: Gylfi Kristinsson sérfræðingur. Frá utanríkisráðuneytinu: Martin Eyjólfsson sendiherra, Finnur Þór Birgisson sendifulltrúi, Þórður Sigtryggson sendiráðsritari og Ragnhildur Erna Arnórsdóttir, tímabundinn starfsmaður. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins starfa allir í fastanefnd Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf. Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA), var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda. Varamaður hennar var Álfheiður Mjöll Sívertsen, lögfræðingur hjá SA. Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands, var fulltrúi íslensks launafólks. Varamaður hans var Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
II. Fjárhags- og starfsáætlun fyrir tímabilið 2014–15.
III. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.
IV. Vinna, félagsleg vernd og lýðfræðileg þróun.
V. Mannsæmandi vinnuskilyrði, græn störf og sjálfbær þróun.
VI. Þríhliða viðræður með hliðsjón af yfirlýsingunni um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna alþjóðavæðingu.

Í fyrri skýrslum um Alþjóðavinnumálaþingið hefur verið gerð grein fyrir breytingum á skipulagi þess með það að markmiði að auka skilvirkni og spara fjármuni. Þetta hefur m.a. verið gert með styttingu ræðutíma, betra skipulagi á fundarstörfum og rafrænum atkvæðagreiðslum. Almennar umræður um skýrslu stjórnarnefndar og forstjóra hafa verið dregnar saman og fara fram síðustu þingvikuna. Stytting þingsins hefur kallað á óformleg fundahöld í aðdraganda þess. Í aðdraganda þess er tveimur til þremur dögum varið til slíkra undirbúningsfunda. Þessar aðgerðir hafa leitt til þess að þingtíminn hefur dregist saman um viku og er nú um tvær og hálf vika í stað þriggja og hálfrar viku á árum áður. Á undirbúningsfundunum er leitað samkomulags um skipan trúnaðarstarfa á þinginu og kosnir fulltrúar hópanna gagnvart starfsfólki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á þeim er einnig gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í nefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: Fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla, nefndar um mannsæmandi vinnuskilyrði, græn störf og sjálfbæra þróun, nefndar um vinnu, félagslega vernd og lýðræðislega þróun, nefndar þríhliða viðræður með hliðsjón af yfirlýsingu um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu, kjörbréfanefndar og nefndar um framvindu þingsins.

## 2.2 KJÖRBRÉFANEFND

Kjörbréfanefnd er ein af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Hlutverk hennar er að fylgjast með því að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan sendinefnda á þinginu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríki að senda að lágmarki sendinefnd fjögurra fulltrúa til þingsins. Tveir þeirra eru fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar, einn fulltrúi helstu samtaka atvinnurekenda og einn fulltrúi helstu samtaka launafólks. Heimilt er að skrá ráðgjafa til þátttöku í þinginu. Reglur um það efni er að finna í 2. mgr. 3. gr. Þar segir m.a. að sérhver þingfulltrúi geti notið aðstoðar allt að tveggja ráðgjafa fyrir hvert málefni á dagskrá þingsins. Af þessu ákvæði leiddi að á 102. Alþjóðavinnumálaþinginu hafði sérhver þingfulltrúi heimild til að taka með sér allt að átta ráðgjafa. Skylt er að hafa samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks við val á fulltrúum þeirra í sendinefndinni.

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir þrír fulltrúar. Fulltrúi ríkisstjórna gegnir formennsku. Að þessu sinni voru eftirtaldir aðilar kjörnir til setu í nefndinni: Mothusi B.R. Palai, fulltrúi ríkisstjórnar Botsvana, formaður. Edward E. Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og Yves Veyrier, fulltrúi launafólks í Frakklandi.

Kjörbréfanefndin fjallaði á þinginu um 17 kvartanir.

Í fyrri skýrslum um Alþjóðavinnumálaþingið er gerð grein fyrir sérkennilegum málarekstri sem kjörbréfanefndin hefur staðið í við stjórnvöld í Pálmamottulandi (Djíbútí). Hann hófst á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2006. Það ár komu fram athugasemdir við val á þingfulltrúum aðila vinnumarkaðarins í Pálmamottulandi. Kjörbréfanefndin óskaði eftir því við ríkisstjórnina að hún skilaði á 96. vinnumálaþinginu ítarlegri greinargerð um það hvernig staðið sé að vali fulltrúanna. Greinargerðin skilaði sér ekki. Á 101. Alþjóðavinnumálaþinginu hélt málið áfram. Kjörbréfanefndin endurtók fyrri óskir. Að þessu sinni mætti forstöðumaður vinnumálastofnunar Pálmamottulands á fund nefndarinnar og flutti henni munnlega skýrslu um val á þingfulltrúum. Þótt þetta væri skref af hálfu ríkisstjórnar landsins samþykkti kjörbréfanefndin að lýsa yfir megnri óánægju með framkomu stjórnvalda og ítrekaði margítrekaðar óskir um skriflega skýrslu sem berist ekki síðar en á næsta Alþjóðavinnumálaþingi.

Nefndin hefur staðið í hliðstæðum málarekstri gagnvart stjórnvöldum í Burma (Myanmar). Lýsing á vali fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Burma á Alþjóðavinnumálaþinginu hafa ekki legið á lausu. Í skriflegri skýrslu ríkisstjórnarinnar til kjörbréfanefndarinnar er því lýst að á grundvelli laga frá árinu 2011 hafi verið stofnuð 602 stéttarfélög launafólks. Einnig kemur fram hvernig fulltrúi atvinnurekenda í sendinefnd landsins á vinnumálaþinginu er valinn í frjálsum kosningum með þátttöku fulltrúa hinna ýmsu samtaka atvinnurekenda. Kjörbréfa- nefndin samþykkti að lýsa yfir ánægju með stöðu samtaka launafólk í landinu og með reglur um val á fulltrúum atvinnurekenda í sendinefndina á vinnumálaþinginu. Hún samþykkti enn fremur að ekki væri ástæða til frekari aðgerða af hennar hálfu eins og málum væri nú komið.

Önnur mál sem nefndin tók til umfjöllunar sneru að því að stjórnvöld höfðu ekki staðið við skuldbindingar um greiðslu ferðakostnaðar vegna þátttöku fulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðarins í Alþjóðavinnumálaþinginu. Kvartanir af þessu tagi beindust að ríkisstjórnum eftirtalinna ríkja: Afganistan, Barbados, Egyptalands, Ekvador, Filipseyja, Kamerún, Kirgistan, Kosta-Ríka, Pálmamottulands, Salómonseyja, Spánar, Líberíu, Malí, Máritaníu, Pakistan, Rúmeníu, Túvalú og Venesúela.

## 2.3 RÆÐUR

Fyrir því er löng hefð að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, fyrir hönd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, bjóði til Alþjóðavinnumálaþingsins þjóðarleiðtogum og brautryðj- endum á sviði félags- og mannréttindamála. Gestir forstjórans að þessu sinni voru þrír.

Fyrstur af gestunum til að ávarpa Alþjóðavinnumálaþingið var forseti Malaví, dr. Joyce Banda. Hann þakkaði Alþjóðavinnumálastofnuninni fyrir sinn þátt í því uppbyggingarstarfi sem unnið hefur

verið í landinu á undanförnum áratugum. Þótt góður árangur hafi náðst væri mikið verk óunnið. Þar af leiðandi hafi stjórnvöld, í samvinnu við stofnunina, sett fram landsáætlun um fleiri mannsæmandi störf. Ríkisstjórn Malaví teldi að það væri vænlegasta leiðin til að hefja íbúa landsins úr fátækt og jafnframt styrkja efnahag landsins gegn ytri áföllum. Endurskoðun almannatryggingakerfisins og uppbygging lífeyrissjóðakerfis væru þættir í framkvæmd þessarar stefnu. Aðgerðir til að afnema vinnu barna eru einnig forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Þegar hafi verið samþykkt stefna um það efni sem gildir á tímabilinu 2010–2016.

Næstur í röðinni var Herman Van Rompuy, formaður ráðherraráðs Evrópusambandsins. Hann lagði áherslu á í ræðu sinni að stefna sambandsins í vinnumálum væri mikilvægt tæki til að skapa stöðugleika. Þetta væri þýðingarmikið ekki síst á tímum þar sem mörg aðildarríkjanna ættu í þrengingum vegna fjármálakreppunnar. Það hafi stofnað evrópska velferðarsamfélaginu í hættu. Ungt fólk á aldrinum 18–25 ára ætti í hvað mestum erfiðleikum. Á sumum svæðum innan sambandsins væri allt að helmingur í þessum hópi án starfsmenntunar og utan vinnumarkaðar. Evrópusambandið hafi því samþykkt að verja allt að sex milljörðum evra til að liðsinna þessum illa stadda hópi.

Það kom fram hjá dr. Nkoszana Dlamini Zuma, formanni Afríkusambandsins, að atvinnusköpun væri mikilvægur þáttur í að stuðla að samhentri Afríku og skapa frið og auka velmegun í álfunni. Afríkusambandið hafi samþykkt þróunaráætlun um uppbyggingu og félagslegt öryggi. Þessi þróunaráætlun væri hluti af samræmdri stefnumótun fyrir álfuna sem taki gildi árið 2015. Að auki væri verið að semja sérstaka áætlun um aðgerðir í þágu ungs fólks í samstarfi við þróunarbanka Afríku, Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í þessari áætlun er lögð áhersla á þrjú svið: fjölgun starfa fyrir ungt fólk, menntun og miðlun þekkingar. Þetta væri sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að áætlanir gera ráð fyrir að fjórðungur alls ungs fólks í heiminum verði í Afríku sem sé rík að auðlindum sem eru ekki nema að litlu leyti nýttar. Þær geti því orðið grunnur að fjölgun starfa og aukinni velmegun.

## 2.4 FJÁRMÁL

Fjárhagsnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins hefur nokkra sérstöðu. Hún er eina þingnefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Á því er ein undantekning. Hin síðari ár hefur einum talsmanni atvinnurekenda og einum talsmanni launafólks verið boðið að taka þátt og fylgjast með almennum umræðum í þingnefndinni. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar nefndin um fjármál og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Starfs- og fjárhagsáætlun er til tveggja ára í senn. Af því leiðir að nefndin fjallar annað hvert ár um tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun. Hitt árið fjallar nefndin um framkvæmd gildandi starfs- og fjárhagsáætlunar.

Formaður nefndarinnar var kosin Beatriz Hernández Narváz, fulltrúi ríkisstjórnar Mexikó. Áheyrnarfulltrúi atvinnurekenda var Mthuni-Perry Mason Mdwabe frá Suður-Afríku og áheyrnar-fulltrúi launafólks Luc Cortebeeck frá Belgíu.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Guy Ryder, kynnti nefndinni tillögu sína að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árin 2014–2015. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að hrinda í framkvæmd áætlun um endurskoðun á starfsemi og skipulagi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þannig að hún geti veitt aðildarríkjunum trausta og góða þjónustu. Í ljósi aðsteðjandi fjármálakreppu hafi nokkrar ríkisstjórnir látið í ljós þá skoðun að þær gætu ekki stutt tillögu um frystingu útgjalda stofnunarinnar. Forstjórinn lagði því til lítilsháttar aukningu útgjalda, um 0,3 hundraðshluta. Með henni hefði stofnunin borð fyrir báru þrátt fyrir verðbólgu.

Fulltrúar launafólks lýstu yfir stuðningi við fjárhagsáætlunina. Þeir vöktu á því athygli að umræður um áætlunina væru sérstaklega þýðingarmiklar á tímum banka- og fjárhagskreppu sem hefði valdið því að milljónir manna hafi misst vinnuna eða hrakist til starfa í því sem kallað hefur verið hið óformlega hagkerfi. Fulltrúar launafólks óskuðu eftir því að Alþjóðavinnumálastofnunin

gegni lykilhlutverki í því að bæta félagsleg réttindi, tryggja mannsæmandi vinnuskilyrði, stuðla að sanngjörnum launagreiðslum og góðum aðbúnaði starfsfólks á vinnustöðum.

Fulltrúar atvinnurekenda lögðu áherslu á að tillagan að fjárhagsáætlun gæfi Alþjóðavinnumála-stofnuninni tækifæri til þess að gera sig meira gildandi á vinnumarkaði á heimsvísu. Þeir töldu að markvissari stefnumótun gæfi aukið svigrúm til að stofna fyrirtæki sem fjölgi störfum. Þeir fögnuðu tillögum forstjóra um að auka innra samstarf deilda stofnunarinnar. Fulltrúar atvinnurekenda lýstu yfir stuðningi við fjárhagsáætlunina.

Þótt fulltrúar mikils meirihluta aðildarríkjanna lýstu yfir stuðningi við fjárhagsáætlunina lögðust nokkrir gegn henni. Í þeim hópi voru fulltrúar Spánar, Kanada og Japan sem vildu að útgjaldaaukningin yrði bundin við verðlagsbreytingar sem höfðu átt sér stað frá samþykkt síðustu tveggja ára starfs- og fjárhagsáætlunar.

Á tveggja ára tímabilinu 2014–15 var gert ráð fyrir því að útgjöld stofnunarinnar yrðu tæplega 762 milljónir svissneskra franka. Lagt var til að árgjöldin mæti þessum útgjöldum. Framlag Íslands var 0,042 hundraðshlutar af útgjöldum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2013. Samkvæmt tillögu forstjórans lækkar hlutdeild Íslands í heildarútgjöldunum í 0,027 hundraðshluta á árinu 2014 sem jafngildir 151.990 svissneskum frönkum. Afsláttur vegna skilvísrar greiðslu árgjalds ársins á undan leiddi til þess að árgjaldið varð 148.123 svissneskir frankar.

## 2.5 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Í samræmi við 7. grein þingskapa Alþjóðavinnumálaþingsins var sett á stofn þingnefnd sem fjallaði um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar. Að þessu sinni var hún skipuð 220 fulltrúum: 126 ríkisstjórnarfulltrúum, fimm fulltrúum atvinnurekenda og 89 fulltrúum launafólks. Í nefndinni sátu að auki 207 varafulltrúar: Þrír fulltrúar ríkisstjórna, 76 fulltrúar atvinnurekenda og 161 fulltrúi launafólks. Þar til viðbótar sátu fundi nefndarinnar 19 fulltrúar alþjóðasamtaka. Fundi nefndarinnar sátu því iðulega 467 fulltrúar. Þeir voru því þétt setnir bekkirnir í fundarsal stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar þar sem fundirnir voru haldnir. Nefndin hélt 16 fundi yfir þingtímann.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Nefndin byggir starf sitt á samantekt sérfræðinganefndar ILO á skýrslum aðildar-ríkjanna um framkvæmd á alþjóðasamþykktum sem þau hafa fullgilt. Dagskrá þingnefndarinnar ákvarðast af skrá yfir mál sem fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks á Alþjóðavinnu-málaþinginu velja úr niðurstöðum sérfræðinganna. Alla jafna eru um 25 mál á skránni og telst nefndin ekki hafa lokið störfum fyrr en öll hafa verið tekin til umfjöllunar. Fyrst og fremst er um að ræða mál sem snerta meint brot á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það er þó ekki algild regla. Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú nýbreytni að taka til umfjöllunar í nefndinni framkvæmd á alþjóðasamþykkt sem gæti orðið öðrum aðildarríkjum til eftirbreytni. Fyrirkomulagið er þannig að fyrst tekur til máls talsmaður hlutaðeigandi ríkisstjórnar og síðan er mælendaskrá opnuð fyrir þeim þingfulltrúum sem vilja tjá sig um það málefni sem er til umfjöllunar.

Nefndin kaus Noemí Ríal, fulltrúa ríkisstjórnar Argentínu, sem formann. Varaformenn voru kosnir Sonja Regenbogen, fulltrúi atvinnurekenda í Kanada, og Marc Leemans, fulltrúi launafólks í Belgíu. David Katjaimo, fulltrúi ríkisstjórnar Namibíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Af Íslands hálfu tóku Álfheiður Mjöll Sívertsen, Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir þátt í störfum nefndarinnar.

Starfshættir nefndarinnar eru þannig að fyrst er almenn umræða um skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum ILO. Síðan taka við umræður um yfirlitsskýrslur. Að þeim loknum er farið yfir mál sem snerta skýrslugjöf aðildarríkjanna til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf og til löggjafarsamkomu hlutaðeigandi aðildarríkis. Meginverkefni nefndarinnar felst í því að fara yfir skrá þeirra u. þ. b. 25 mála sem tengj-

ast framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum ILO. Eins og áður segir verður þessi skrá til í viðræðum fulltrúa atvinnurekenda og launafólks.

Starf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta gekk þetta árið snurðulaust fyrir sig gagnstætt því sem gerðist á þinginu árið 2012. Til upprifjunar er rétt að geta þess að talsmenn atvinnurekenda í nefndinni gerðu athugasemd við yfirlitsskýrslu sérfræðinganefndar stofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Athugasemdin laut að því að sérfræðinganefndin telur að réttur til að fara í verkfall njóti verndar samþykktarinnar. Þessu atriði eru fulltrúar atvinnurekenda ósammála. Málamiðlunin sem tókst á þinginu fól í sér að fram komi í niðurstöðum nefndarinnar að ekki sé samstaða um þetta mat sérfræðinganefndarinnar. Um miðjan maí var aðildarríkjunum send skrá yfir 48 mál sem hugsanlega yrðu tekin til umfjöllunar í nefndinni. Endanleg skrá yfir 25 mál lá fyrir föstudaginn 7. júní 2013. Að auki voru á skránni málefni tveggja ríkja. Framkvæmd þeirra á tilteknum alþjóðasamþykktum þótti til fyrirmyndar. Nefndin samþykkti að vekja sérstaka athygli á brotum eftirtalinna ríkja á samþykktum ILO: Hvíta-Rússlands (samþykkt nr. 87, um félagafrelsi), Fitji (samþykkt nr. 87) og Úsbekistan (samþykkt nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd). Hún fjallaði um skýrslur þar sem gerð var almenn úttekt á framkvæmd aðildarríkjanna á samþykkt nr. 151, um verndun félagsfrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu og á tilmælum nr. 159 um sama efni. Einnig úttekt á framkvæmd samþykktar nr. 154, um eflingu sameiginlegra samningsgerða, og tilmæla nr. 163 um sama efni.

Ísland var annað tveggja ríkja sem valið var á skrána fyrir góða framkvæmd á samþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra. Hitt ríkið var Ruwanda vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 128, um lágmarksaldur við vinnu. Það mál var ekki hægt að taka fyrir í nefndinni þar sem Ruwanda var í hópi fárra aðildarríkja sem ekki sendu fulltrúa til þingsins.

Fulltrúi ríkisstjórnarinnar opnaði umræðuna um framkvæmd Íslands á samþykkt nr. 159 og gerði grein fyrir gildandi löggjöf um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra. Í ræðunni var gerð grein fyrir starfsemi endurhæfingarsjóðsins VIRK. Bæði fulltrúi íslenskra atvinnurekenda og íslensks launafólks tóku til máls við umræðuna og fylltu inn í myndina. Í ræðum þessara þriggja fulltrúa var á það lögð áhersla að VIRK hafi orðið að veruleika með þríhliða samstarfi ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks. Talsmaður launafólks í nefndinni sagði það eftirtektarvert, með tilliti til þeirra efnahagslegu þrenginga sem Íslendingar hafi lent í, hversu metnaðarfull markmið hafi verið sett að því er varðar atvinnumál fatlaðra sem stefni að því að búa þeim hliðstæðar aðstæður og öðrum samfélagsþegnum. Talsmaður atvinnurekenda sagði það ánægjulegt að geta fjallað um eitt málefni undir jákvæðum formerkjum eftir að hafa rætt 25 mál sem snerust um brot á samþykktum eða þar sem framkvæmdin væri í veigamiklum atriðum ófullnægjandi. Hann tók undir orð talsmanns launafólks hvað varðaði hrós um ríkisstjórn Íslands fyrir aðgerðir við að koma landinu úr efnahagsþrengingum en á sama tíma hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins sem leiddi til samnings um stofnun endurhæfingarsjóðs. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands tók aftur til máls við lok umræðunnar. Hann þakkaði fyrir það hrós sem ríkisstjórnin hafi fengið í ræðum þeirra sem tóku þátt í umræðunni. Fulltrúinn lauk ræðunni með því að þakka einnig fyrir gott samstarf íslenskra stjórnvalda við Alþjóðavinnumálastofnunina á umliðnum árum og lýsti yfir fullum stuðningi þeirra við eftirlitskerfi stofnunarinnar.

Í niðurstöðum þingnefndarinnar kemur fram að nefndin fagni þeirri umræðu sem hafi átt sér stað varðandi framkvæmd Íslands á samþykkt nr. 159. Nefndin hrósar íslenskum stjórnvöldum fyrir metnaðarfullar aðgerðir til að skapa fötluðum tækifæri til þátttöku í atvinnulífinu. Aðgerðirnar hafi verið í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins sem hafi stofnað endurhæfingarsjóðinn VIRK sem samið var um í kjarasamningum árið 2008.

Nefndin telur að þetta mál sé dæmi um góða framkvæmd. Hún hrósar ríkisstjórninni fyrir skilvirkar aðgerðir til að bæta aðgengi fatlaðra að atvinnulífinu. Nefndin óskar þess að ríkisstjórnin haldi áfram að upplýsa um árangur af framkvæmd samþykktarinnar. Slóðirnar að skýrslum þingnefndarinnar eru:

http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/102/reports/committeereports/WCMS_216379/lang--en/index.htm og http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/102/reports/committee-reports/WCMS_216456/lang--en/index.htm

## 2.6 MANNSÆMANDI VINNUSKILYRÐI, GRÆN STÖRF OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Þverrandi orkulindir hafa kallað á alþjóðlegar ráðstefnur um viðbrögð. Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir ráðstefnu í Rio de Janeiro árið 2012 um þetta efni. Önnur ráðstefna er fyrirhuguð um markmið sjálfbærrar þróunar eftir árið 2015. Það var því tímabært að Alþjóðavinnumálastofnunin tæki til umfjöllunar þá þætti málsins sem heyra til verksviðs stofnunarinnar, einkum það sem kölluð hafa verið græn störf og miða að bættri orkunýtingu og sjálfbærri þróun. Fjallað var um þetta málefni í einni af þingnefndum vinnumálaþingsins.

Formaður nefndarinnar var kosinn A. M. Abdalhaleem Mohamad, sendiherra frá Súdan. Varaformenn voru Brenda Cuthbert, fulltrúi atvinnurekenda frá Jamaíka, og Gerardo Martinez, fulltrúi launafólks í Argentínu. Siobhan O‘Carroll, fulltrúi ríkisstjórnar Írlands, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Yfirleitt tóku um 225 þátt í starfi nefndarinnar. Þar af voru 105 fulltrúar ríkisstjórna, 48 fulltrúar atvinnurekenda og 72 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt níu fundi um þingtímann.

Við upphaf nefndarstarfsins lagði formaðurinn til að nefndin fjallaði um viðfangsefni sitt út frá stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði. Nefndarmenn tóku undir þetta sjónarmið og var víðtæk samstaða um það ásamt því að sjálfbær þróun væri afgerandi fyrir framvinduna í heiminum. Af hálfu fulltrúa launafólks kom fram að mikilvægur þáttur í viðfangsefninu væri fátækt og misskipting veraldlegra gæða í heiminum. Lögð var áhersla á að skipulagsbreyting sem fæli í sér sjálfbæra þróun atvinnu- og efnahagslífs væri oft ekki á færi þeirra ríkja sem mest þyrftu á slíku að halda. Fulltrúar ríkisstjórna og talsmenn staðbundinna fjölþjóðasamtaka lýstu reynslu af þátttöku í samstarfsverkefnum í loftlagsmálum og varðandi græna hagkerfið. Af hálfu þessara talsmanna var hvatt til þess að Alþjóðavinnumálastofnunin beiti sér fyrir rannsóknum á áhrifum verkefna á sviði loftlagsbreytinga á atvinnustig. Reynt verði að meta jákvæð og neikvæð áhrif slíkra verkefna. Fulltrúar nokkurra ríkja lýstu eftir stuðningi við mótun og framkvæmd stefnu á þessu sviði. Breið samstaða var um nauðsyn samstarfs ríkisvalds og heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins um stefnubreytingu í átt að sjálfbærni og grænu hagkerfi. Í því sambandi verði að taka tillit til margbreytileika og ólíkra þarfa aðildarríkjanna. Ekki sé gefið að sama lausn henti öllum. Byggja þurfi á þeirri reynslu sem þegar hafi fengist.

Í niðurstöðum nefndarinnar er einkum fjallað um lykilsvið og stofnanaskipulag sem auðveldar breytta forgangsröðun í átt að framtíð sjálfbærrar þróunar þar sem tekið er tillit til verndar umhverfisins og efnahaglegra og félagslegra þarfa. Hlutverk stjórnvalda yrði að skapa nauðsynlegan ramma fyrir slíka þróun þar sem áhersla er lögð á sjálfbær fyrirtæki og frumkvöðla. Í þeim er að finna fjölmargar tillögur sem ríkisstjórnir og samtök aðila vinnumarkaðarins geta haft að leiðarljósi við stefnumótum á þessu sviði. Lagt var fyrir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að semja áætlun sem yrði lögð fyrir stjórnarfund stofnunarinnar í nóvember 2013. Í henni yrðu lagðar línur um það hvernig markmiðunum yrði hrundið í framkvæmd og þau samtvinnuð framkvæmdaáætlun fyrir árin 2016–2021. Slóðin að skýrslu þingnefndarinnar er:
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/102/reports/committee-reports/WCMS_216378/lang--en/index.htm

## 2.7 VINNA, FÉLAGSLEG VERND OG LÝÐFRÆÐILEG ÞRÓUN

Á þinginu fór fram almenn umræða um vinnumál og félagslega vernd (almannatryggingar) í ljósi lýðfræðilegrar þróunar. Mannfjöldaspár gera ráð fyrir því að íbúafjöldi jarðar verði níu milljarðar árið 2050. Þetta ár verða fjórir á móti hverjum einum eldri en 65 ára virkir á vinnumarkaði í saman-

burði við níu á móti hverjum einum eldri en 65 ára árið 2000. Hér er um að ræða meðaltalstölur. Framvindan verður ólík eftir svæðum. Öldrunin verður mest í vestrænum iðnríkjum. Þessi þróun hefur mikil áhrif á þróun vinnumála, stöðu almannatryggingakerfa og framvindu efnahagsmála.

Stofnuð var þingnefnd til að fjalla um þetta málefni. Formaður hennar var kjörinn James Matiza, fulltrúi ríkisstjórnar Simbabve. Varaformenn voru Tanya Cohen, fulltrúi atvinnurekenda í Suður-Afríku, og Cinzia del Rion, fulltrúi launafólks á Ítalíu. Lucas Vinísius Sversut, fulltrúi ríkisstjórnar Brasilíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar.

Þótt víðtæk samstaða væri um áhrifin af þessari þróun voru fulltrúar ekki sammála um viðbrögðin sem beindust fyrst og fremst að tveimur atriðum: Þátttöku í atvinnulífinu og viðbrögðum við öldrun mannafla á vinnumarkaði. Fulltrúar atvinnurekenda lögðu áherslu á að besta félagslega verndin felist í fjölgun starfa. Þar af leiðandi væri nauðsynlegt að fylgja atvinnuskapandi efnahagsstefnu sem væri hvetjandi fyrir sjálfbær fyrirtæki, starfsendurhæfingu og frumkvöðla í atvinnulífinu. Einnig yrði að hyggja að hreyfanleika vinnuaflsins þannig að ekki skapist misræmi á milli hæfni atvinnuleitenda og þarfa atvinnulífsins fyrir sérhæft starfsfólk. Slóðin að skýrslu nefndarinnar er:
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/102/reports/committee-reports/WCMS_216325/lang--en/index.htm

## 2.8 ÞRÍHLIÐA SAMRÆÐUR MEÐ HLIÐSJÓN AF YFIRLÝSINGUNNI UM FÉLAGSLEGT RÉTTLÆTI FYRIR SANNGJARNA ALÞJÓÐAVÆÐINGU

Með yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu fylgdi ályktun um það hvernig fylgja skyldi eftir yfirlýsingunni. Samkvæmt henni á að gera reglulega úttekt á framkvæmd grundvallarsamþykkta stofnunarinnar. Að þessu sinni var komið að framkvæmd samþykkta sem fjalla um samráð ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins og kjarasamninga samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks. Þær grundvallarsamþykktir sem koma til álita eru: Samþykkt nr. 87, um félagafrelsi, nr. 98, um samningafrelsi, og nr. 144, um samstarf við framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Ísland hefur fullgilt allar þrjár samþykktirnar. Af fullgildingu þessara samþykkta leiðir að stjórnvald hlutaðeigandi aðildarríkis skuldbindur sig til að virða sjálfstæði samtaka atvinnurekenda og launafólks og forðast hvers kyns íhlutun í skipulag, starfsemi og stjórn þeirra. Enn fremur að tryggja að kjarasamningar samtaka aðila vinnumarkaðarins fari fram þannig að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur. Í niðurstöðum þingnefndar sem fjallaði um málið er minnt á aðgerðir sem miðuðu að því að fjölga fullgildingum samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjalla um samráð á vinnumarkaði. Þær eru, auk þeirra sem áður er getið og Ísland hefur fullgilt, samþykkt nr. 151, um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu og nr. 154, um eflingu sameiginlegra samningsgerða.

Í nefndinni sátu nærri 400 fulltrúar en valinn var 24 manna hópur til þess að vinna úr niðurstöðum almennu umræðunnar og til þess að semja um og leggja upp niðurstöður. Í hópnum áttu sæti 12 fulltrúar ríkisstjórna, sex fulltrúar atvinnurekenda og sex fulltrúar launafólks. Magnús M. Norðdahl var kjörinn einn þeirra.

Þingnefndin mælti með því við stjórnarnefnd ILO að á Alþjóðavinnumálaþinginu í júní 2016 verði tekið til umfjöllunar málefni sem snýr að þeim aðstæðum þegar framleiðsluferli er alþjóðlegt, þ.e. að íhlutir eru framleiddir í ýmsum löndum og settir saman á tilteknum stað. Í slíku framleiðsluferli geta komið upp ýmis álitamál, m.a. sem lúta að vinnurétti. Á ensku er talað um „global supply chains“.

Slóðin að niðurstöðum þingnefndarinnar er:
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/102/reports/committee-reports/WCMS_216305/lang--en/index.htm

## 2.9 SKÝRSLA FORSTJÓRA: ILO Í ÁTT AÐ ALDARAFMÆLI

Aðalumræðuefnið á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins eru skýrslur stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og forstjóra skrifstofunnar. Að þessu sinni var það skýrsla nýs forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Guy Ryder, sem lá fyrir Alþjóðavinnumálaþinginu. Heiti skýrslunnar er: Í átt að aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar: Raunveruleiki, endurnýjun og þríhliða skuldbindingar (enska: Towards the ILO centenary: Realities, renewal and tripartite commitment). Í skýrslunni fjallar forstjórinn um breytingar sem hafa átt sér stað á sviði vinnumála, hvernig Alþjóðavinnumálastofnunin hafi brugðist við, m.a. með yfirlýsingunum frá árunum 1998 og 2008. Enn fremur með áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði. Í henni eru settar fram sjö hugmyndir um það hvernig hægt væri að halda upp á 100 ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2019: Ljúka við endurskoðun á stjórnarháttum ILO, styrkja eftirlitið með framkvæmd alþjóðasamþykkta, aðstoða við fjölgun grænna starfa og stuðla þannig að sjálfbærri þróun, skapa samstarfsvettvang fyrir ILO og fyrirtæki sem stuðla að sjálfbærni þeirra, hrinda í framkvæmd aðgerðum gegn fátækt, efla jafnrétti kynja á vinnumarkaði í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins og stofna ráðgjafahóp um framtíðarframvindu vinnumála. Slóðin að skýrslu forstjórans er: http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/102/reports/reports-submitted/WCMS_213836/lang--en/index.htm

# *3. 103. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2014*

## 3.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

103. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 28. Maí – 12. júní 2014. Samtals tóku þátt í þinginu 4.457 fulltrúar frá 165 af 185 aðildarríkjum. Að auki tóku þátt í þinginu áheyrnarfulltrúar svæðisbundinna ríkjasamtaka, alþjóðasamtaka og sjálfstjórnarsvæða. Samtals sóttu 155 ráðherrar og vararáðherrar þingið.

Samkvæmt venju var þingið sett af formanni stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Victoria Marina Velásquez de Avilés, frá El Salvador. Þingið kaus Daniel Funes de Rioja frá Argentínu sem þingforseta. Hann hefur verið um árabil einn helsti talsmaður fulltrúa atvinnurekenda á Alþjóðavinnumálaþinginu. Varaforsetar voru kosnir Alexandros Alexandris, ríkisstjórnarfulltrúi frá Grikklandi, Jacqueline Mugo, fulltrúi atvinnurekenda frá Keníu, og Takaaki Sakurada, frá Japan, úr hópi launafólks.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir aðilar:

Fulltrúar ríkisstjórnar Íslands voru Martin Eyjólfsson, sendiherra Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf, og Finnur Þór Birgisson sendifulltrúi. Varamenn voru Gylfi Kristinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, og Þórður Sigtryggsson sendiráðsritari. Martin, Finnur og Þórður eru starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA). Varamaður hennar var Álfheiður Mjöll Sívertsen, lögfræðingur hjá SA. Fulltrúar launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar
II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
III. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.
IV. Stefna í vinnumálum með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
V. Aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið formlegt.
VI. Nauðungarvinna.
VII. Breytingar á samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna.

Samþykkt var að stofna eftirtaldar þingnefndir: Kjörbréfanefnd, fjárhagsnefnd, nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla, nefnd um endurskoðun samþykkta um afnám nauðungarvinnu, nefnd um aðgerðir sem hafa að markmiði að gera óformlega hagkerfið formlegt og nefnd um stefnumótun í vinnumálum með hliðsjón af sjálfbærri þróun.

## 3.2 KJÖRBRÉFANEFND

Vísað er til þess sem segir um hlutverk kjörbréfanefndar í kafla 2.2 hér að framan. Ngoni Masoka, ríkisstjórnarfulltrúi frá Simbave, var kjörinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kjörnir Lidija Horvac, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Sarah Fox, fulltrúi launamanna í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Málefni Pálmamottulands (Djíbútí) voru á dagskrá nefndarinnar eins og undanfarin ár. Kjörbréfanefndin hafði beint þeirri ósk til stjórnvalda að senda henni greinargerð þar sem fram komi reglur sem fylgt er við val á fulltrúum launafólks í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnumálaþinginu. Greinargerðin barst í febrúar 2014. Niðurstaðan varð sú að í henni væru ekki fullnægjandi svör við þeim spurningum sem settar höfðu verið fram. Ekki væri heldur að finna tillögu um umbætur á þeim ágöllum við valið sem nefndin hafði vakið athygli á. Kjörbréfanefndin kvartaði undan því að stjórnvöld í Pálmamottulandi hefðu látið undir höfuð leggjast að senda frekari upplýsingar fyrir þetta Alþjóðavinnumálaþing. Hún sá því ástæðu til að endurtaka ósk sína um nánari upplýsingar fyrir árslok 2014.

Kjörbréfanefndin fjallaði um samtals 13 kvartanir sem snerust um skort á samráði við val á fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins eða ófullnægjandi greiðslur vegna ferðakostnaðar þeirra til og frá þingstað. Einnig var kvartað yfir því að reglum um greiðslu uppihaldskostnaðar hafi ekki verið fylgt. Þau aðildarríki sem hér um ræðir voru: Barbados, Burma, El Salvador, Ekvador, Íran, Ítalía, Kirgisistan, Madagaskar, Pálmamottuland, Spánn, Sómalía, Tógó og Venesuela.

Nefndin tók saman tölulegar upplýsingar um þátttöku í þinginu. Samtals höfðu nefndinni borist fulltrúabréf vegna þátttöku 5.254 einstaklinga. Það voru heldur færri bréf en árið 2013 þegar fulltrúar voru 5.593. Af þeim voru 4.457 skráðir til þátttöku. Hlutfall kvenna var heldur hærra en árið 2013 eða 29,8 hundraðshlutar. Af fulltrúum ríkisstjórna voru konur 34,9 hundraðshlutar (2013: 23,5). Af fulltrúum atvinnurekenda voru konur 25,9 hundraðshlutar (2013: 23,5). Samsvarandi tölur fyrir fulltrúa launafólks voru 23,6 hundraðshlutar (2013:21,7).

## 3.3 FJÁRMÁL

Fjallað er um reglur sem gilda um þátttöku og verkefni fjárhagsnefndar Alþjóðavinnumálaþingsins í kafla 2.4 hér að framan.

Nefndin kaus sem formann Hermándes Narváes, fulltrúa ríkisstjórnar Mexíkó.

Starfs- og fjárhagsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er til tveggja ára í senn. Áætlun fyrir tveggja ára tímabilið 2014-–2015 var afgreidd á 102. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2013. Verkefni nefndarinnar var því tiltölulega einfalt að þessu sinni. Hún afgreiddi til allsherjarþingsins áritaða reikninga stofnunarinnar til samþykkar. Enn fremur var afgreidd tillaga um tiltekna ráðstöfun á tekjuafgangi tveggja ára tímabilanna 1992–93 og 2000–2001. Allsherjarþing vinnumálaþingsins samþykkti báðar tillögur nefndarinnar.

## 3.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Í kafla 2.5 hér að framan er fjallað um verkefni nefndar Alþjóðavinnumálaþingsins um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla í kafla 2.5.

Gloria Gavira Ramos, fulltrúi ríkisstjórnar Kólumbíu, var kosin formaður nefndarinnar. Varaformenn voru Sonja Regenbogen, fulltrúi atvinnurekenda í Kanada, og Marc Leemans, fulltrúi launafólks í Belgíu. Cecilia Mulindeti, fulltrúi ríkisstjórnar Sambíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar.

Í nefndinni áttu sæti 139 fulltrúar (117 fulltrúar ríkisstjórna, 6 fulltrúar atvinnurekenda og 16 fulltrúar launafólks). Að auki sátu fundi nefndarinnar 12 áheyrnarfulltrúar ríkisstjórna, 81 áheyrnarfulltrúi atvinnurekenda, 226 áheyrnarfulltrúar launafólks og 27 áheyrnarfulltrúar alþjóðasamtaka.

Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla hélt samtals 18 fundi um þingtímann.

Starf nefndarinnar hófst með almennum umræðum um skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fer yfir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykkta. Skýrslan er í þremur meginhlutum. Í fyrsta hlutanum gera sérfræðingarnir grein fyrir starfi sínu og vekja athygli á ýmsu sem þeir telja að betur megi fara við skýrslugjöf aðildarríkjanna og framkvæmd þeirra á alþjóðasamþykktum og tillögum. Annar hlutinn er um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Í þeim hluta koma fram athugasemdir sérfræðinganna við ófullnægjandi framkvæmd á samþykktunum. Í þriðja hlutanum er að finna yfirlit yfir fullgildingar aðildarríkjanna og ýmiss konar tölfræði. Þessu til viðbótar er um að ræða skýrslu sem fjallar um úttekt sérfræðinganefndarinnar á framkvæmd á einstökum samþykktum eða fleiri samþykktum sem fjalla um samstofna málefni. Sú skýrsla fjallaði að þessu sinni um framkvæmd á alþjóðasamþykktum um ákvörðun á lágmarkslaunum.

Almennu umræðurnar fóru nokkuð vel af stað og voru málefnalegar. Ræðumenn voru samstíga í að lýsa yfir að eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar stæði á traustum grunni og hjá þeim kom fram von um að takast mætti að endurnýja traust á milli aðila í nefndinni. Það væri forsenda þess að hún gæti sinnt hlutverki sínu eins og það er skilgreint í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í ræðunum kom fram ánægja með samstarfið við sérfræðinganefndina og voru flestir á því að þátttaka formanns nefndarinnar í starfi þingnefndarinnar væri af hinu góða og til þess falin að auka gagnkvæman skilning á hlutverki hvorrar nefndar um sig. Talsmenn fulltrúa aðila vinnumarkaðarins viku að því málefni sem varð tilefni til deilna þeirra í millum á Alþjóðavinnumálaþinginu 2012 og voru sammála um að tekist hafi samstarf á þinginu 2013 sem tryggði að þingnefndin hafi skilað sínu verki eins og til var ætlast.

Eftir almennar umræður á jákvæðum nótum voru þingfulltrúar bjartsýnir á að starf þingnefndarinnar gengi snurðulaust fyrir sig. Nefndin tók fyrir skýrslu sérfræðinganefndarinnar um lágmarkslaun. Niðurstaða hennar var sú að ákvæði um lágmarkslaun giltu í öllum aðildarríkjunum, jafnvel þeim sem hafi ekki fullgilt samþykktina. Formið væri þó mjög ólíkt frá einu ríki til annars. Í niðurstöðunum er að finna ýmsar ábendingar sem þingnefndin mælir með að verði teknar til umfjöllunar við umræður á næsta Alþjóðavinnumálaþingi um félagslega vernd launafólks.

Þegar þingnefndin hafði afgreitt yfirlitsskýrslu sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd samþykktar um lágmarkslaun tóku við umræður um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um skrá yfir 25 mál sem lagt var til að nefndin tæki til umfjöllunar, samanber það sem kemur fram í kafla 2.5 framar í þessari skýrslu. Á þeim voru málefni sex ríkja sem sérfræðinganefndin taldi alvarleg og kalla á umræðu í þingnefndinni. Á þessu stigi nefndarstarfsins tók að síga á ógæfuhliðina. Deila fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks vaknaði af fullum krafti til lífsins. Áður hefur verið gerð ítarleg grein fyrir því um hvað sú deila snýst. Í stuttu máli á hún rót sína að rekja til yfirlitsskýrslu sérfræðinganefndarinnar til 101. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2012 um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Talsmenn atvinnurekenda í þingnefndinni gerðu athugasemd við það álit sérfræðinganna að réttur til að fara í verkfall njóti verndar samþykktarinnar. Þessu atriði voru fulltrúar atvinnurekenda ósammála. Talsmenn launafólks voru á öndverðum meiði og sammála sérfræðinganefndinni. Afleiðingin árið 2012 varð sú að þingnefndin var óstarfhæf. Árið 2013 var ágreiningurinn ennþá óleystur þegar kom að Alþjóðavinnumálaþinginu í júní. Allt benti til þess að niðurstaðan yrði sú sama og árið 2012. Nefndin yrði óstarfhæf og engin mál afgreidd. Á síðustu stundu náðist málamiðlun. Hún fólst í því að fram komi í niðurstöðum nefndarinnar, í málum þar

sem framkvæmd samþykktar nr. 87 er til umfjöllunar og rétturinn til að fara í verkfall komi við sögu, að ekki sé samstaða um það álit að þessi réttur sé varinn af nefndri samþykkt.

Nefndin afgreiddi ályktunarorð um málin sex sem sérfræðinganefndin hafði mælt með að yrðu tekin til umfjöllunar á þinginu. Þau fjalla um framkvæmd Jemen á samþykkt nr. 186, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Framkvæmd Bangla- dess á samþykkt nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun. Framkvæmd Hvíta-Rússlands á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Framkvæmd Dóminíkanska lýðveldisins á samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs. Framkvæmd Grikklanda á samþykkt nr. 102, um lágmark félagslegrar öryggis. Framkvæmd Níger á samþykkt nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu. Við afgreiðslu á niðurstöðum í þeim 19 málum sem eftir stóðu hindraði ágreiningur milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks að nefndin næði saman um ályktunarorð. Ágreiningur lenti þannig enn einu sinni í óleysanlegum hnút.

Framangreint olli verulegum vonbrigðum, einkum fulltrúum ríkisstjórna. Í þeirra hópi var rætt um hugsanlegar leiðir til að leysa vandann. Einkum er staldrað við heimild í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um að vísa ágreiningi um túlkun á ákvæðum samþykkta ILO til Alþjóðadómstólsins í Haag. Þessi heimild hefur einu sinni áður verið nýtt. Ekki voru allir sammála um að fara þessa leið. Bent hefur verið á að niðurstaðan geti orðið á þann veg að enginn sé sáttur við hana. Það er ljóst að eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er í verulegum vanda. Dráttur á að finna á honum lausn mun skaða góðan orðstír stofnunarinnar.

Slóðin að skýrslum þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta er:
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/103/reports/WCMS_246781/lang--en/index.htm og
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/103/reports/WCMS_246782/lang--en/index.htm

### 3.5 REGLUBUNDIN UMRÆÐA UM STÖÐU VINNUMÁLA Í HEIMINUM

Árið 2008 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið yfirlýsingu um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Samkvæmt yfirlýsingunni felst í félagslegu réttlæti að hafa vinnu, að í gildi séu grundvallarréttindi í atvinnulífinu, ákvæði um félagslega vernd og að rétturinn til að semja um kaup og kjör sé virtur. Ákveðið var að á sérhverju Alþjóðavinnumálaþingi fari fram umræða um stöðu hvers þáttar um sig með það að markmiði að aðilum að Alþjóðavinnumálastofnuninni gefist kostur á að bera saman bækur sínar um stöðu mála, miðla af reynslu sinni og draga ályktanir af henni sem gætu markað stefnu í umbótaátt. Fyrsta umræðan af þessu tagi fór fram á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2010 og fjallaði um vinnumál. Það var því enn á ný komið að umræðum um stöðu vinnumála í heiminum. Til undirbúnings umræðunum hafði alþjóðavinnumálaskrifstofan tekið saman í skýrslu upplýsingar frá aðildarríkjunum um atvinnustig, atvinnuleyfi og horfur á vinnumarkaði til næstu framtíðar. Fjallað var um efni skýrslunnar í einni af nefndum þingsins. Hún afgreiddi til allsherjarþingsins tillögu til þingsályktunar sem samþykkt var einum rómi. Í þingsályktuninni eru tekin saman atriði sem aðildarríkin ættu að gefa gaum við mótun stefnu í vinnumálum. Þess má geta að Magnús M. Norðdahl var kjörinn í sérstaka undirnefnd þingnefndarinnar sem fékk það hlutverk að semja drög að þingsályktunartillögunni.

Slóðin að skýrslu þingnefndarinnar er:
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/103/reports/WCMS_246169/lang--en/index.htm

### 3.6 BÓKUN OG TILMÆLI VIÐ SAMÞYKKT ILO NR. 29, UM AFNÁM NAUÐUNGARVINNU

Eitt helsta viðfangsefni þingsins var að fjalla um frekari aðgerðir til að vinna gegn nauðungarvinnu sem hefur tekið á sig nýja og breytta mynd í tímans rás frá því Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi samþykkt nr. 29 um þetta efni árið 1930. Í skýrslu sem alþjóðavinnumálaskrifstofan tók saman til undirbúnings umræðum á þinginu kemur fram að fleiri en 20 milljónir manna búa við nauðungarvinnu í einni eða annarri mynd. Í febrúar 2013 stóð Alþjóðavinnumálastofnunin fyrir fundi sérfræðinga á þessu sviði. Niðurstaða fundarins var að mæla

með því að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiði viðbótargerðir við alþjóðasamþykkt nr. 29 sem hafi að markmiði að afnema nauðungarvinnu í öllum sínum birtingarmyndum. Sérfræðingarnir voru sammála um að í slíkum gerðum ætti að leggja höfuðáherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir, vernd og bætur til fórnarlamba. Í samræmi við þessi tilmæli ákvað stjórnarnefnd alþjóðavinnumála-skrifstofunnar í mars 2013 að setja málefnið á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins.

Um endurskoðun samþykktar nr. 29, um nauðungarvinnu, var fjallað í sérstakri þingnefnd. Formaður var kosinn David Garner, fulltrúi ríkisstjórnar Ástralíu. Varaformenn voru kosnir Edward Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og Yves Veyrier, fulltrúi launafólks í Frakklandi. Bro-Mathew Shinguadja, fulltrúi ríkisstjórnar Namebíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Þingnefndin hélt 18 fundi um þingtímann.

Að venju hófst nefndarstarfið á almennum umræðum sem snerust fyrst og fremst um tillögur að tveimur gerðum sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði lagt fyrir þingið. Tillaga skrifstofunnar var að þingið afgreiddi bókun við samþykkt nr. 29 og einnig tilmæli þar sem fram kæmi nánari útlistun á aðgerðum sem aðildarríkin gætu gripið til í því skyni að binda endi á nauðungarvinnu. Munurinn á þessu tvennu er sá að bókun verður skuldbindandi fyrir aðildarríki við fullgildingu. Í tilmælum felast ábendingar til aðildarríkjanna um aðgerðir. Tilmæli er þannig ekki skuldbindandi.

Í umræðunum var að venju tekist á um það hversu ítarleg bókunin ætti að vera. Fram kom fjöldi breytingartillagna sem miðuðu að því að einfalda textann og gera ákvæðin sveigjanlegri. Þetta þótti takast nokkuð vel.

Kjarni bókunarinnar kemur fram í fyrstu þremur greinum hennar. Þar er meðal annars kveðið á um þá skyldu aðildarríkis að grípa til virkra ráðstafana til að koma í veg fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu og að veita fórnarlömbum vernd og aðgang að viðeigandi og skilvirkum úrræðum, svo sem bótum, og að þeir sem standa fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu sæti viðurlögum.

Einnig er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að móta stefnu og áætlun á landsvísu um skilvirkt og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu í samráði við samtök atvinnurekenda og launa-fólks. Stefnan skal felast í kerfisbundnum aðgerðum af hálfu lögbærra stjórnvalda og, eins og við á, í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks, auk annarra hópa sem málið varðar.

Gildissvið samþykktar nr. 29 er áréttað en jafnframt tekið fram að ráðstafanir sem grípa skal til skulu einnig fela í sér sérstakar aðgerðir gegn mansali í tengslum við nauðungarvinnu eða skyldu-vinnu.

Niðurstaða þingsins var að afgreiða bókun við samþykkt nr. 29 og tilmæli til aðildarríkjanna. Samtals greiddu 437 lönd atkvæði með bókuninni en 27 sátu hjá. Bókunin við samþykkt nr. 29 er birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu. Tilmæli nr. 203, um viðbótarráðstafanir til skilvirks afnáms nauðungarvinnu, er birt sem fylgiskjal II.

Slóðin að skýrslu þingnefndarinnar er:
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/103/reports/WCMS_246188/lang--en/index.htm

## 3.7 AÐGERÐIR TIL AÐ GERA ÓFORMLEGA HAGKERFIÐ FORMLEGT

Á 90. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2002 var í fyrsta skipti á vettvangi Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar fjallað um vinnuaðstæður þeirra sem vinna hjá fyrirtækjum sem starfa í því sem kallað var óformlega hagkerfið. Í skýrslu sem unnin var fyrir þingið kemur fram að flestir sem ráða sig í vinnu hjá fyrirtækjum í óformlega hagkerfinu gera það af neyð en ekki að eigin vali. Fram kemur í skýrslunni að hvergi tíðkist eins mörg brot á kröfunni um „mannsæmandi vinnuskilyrði“ eins og þar. Flest launafólk í þessum hluta hagkerfisins hefur litla sem enga félagslega vernd og öryggi og er talið að léleg hagstjórn ríkisstjórna eigi stærstan þátt í að óformlega hagkerfið blómstri. Í nefndri skýrslu er talið að helmingur til þrír fjórðu hlutar verkafólks vinni svart í þróunarríkjunum: Um þrír fjórðu í Afríkuríkjum sunnan Sahara, tveir þriðju í Asíu og helmingur alls verkafólks í rómönsku Ameríku og Norður-Afríku. Í vestrænum iðnríkjum er þetta sömuleiðis algengt vandamál

samkvæmt skýrslunni. Í 15 ríkjum Evrópusambandsins er um þriðjungur vinnandi fólks starfandi utan hins löglega vinnumarkaðar. Í Bandaríkjunum er einn af hverjum fjórum í þessari stöðu.

90. Alþjóðavinnumálaþingið fól forstjóra og stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að vinna að tillögugerð um umbætur á þessu sviði. Liður í þeirri tillögugerð var ráðstefna sem haldin var árið 2007 um þetta efni. Niðurstöður ráðstefnunnar og umræðna á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2012 lögðu grunninn að umfjöllun 103. þingsins 2014. Á þinginu 2012 var leitast við að nálgast málefnið með það í huga að leita lausna sem henti við mismunandi aðstæður. Í niðurstöðu þingsins var talið brýnt að hafa þetta í huga í framtíðarstarfi ILO varðandi leiðir til að gera óformlega hagkerfið formlegt. Einnig var þess krafist að þríhliða samstarfið yrði notað til að fjalla um og skapa mannsæmandi vinnuskilyrði í óformlega hagkerfinu. Innan alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf eru starfræktar skrifstofur sem fjalla hvor um sig um málefni atvinnurekenda og málefni launafólks. Þessum tveimur skrifstofum var falið að vinna saman að áætlanagerð og framkvæmd á þessu sviði í framtíðinni.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu fór fram fyrri umræða um aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið formlegt. Formaður þingnefndar um þetta málefni var kosinn Virgil Seafield, fulltrúi ríkisstjórnar Suður-Afríku. Varaformenn voru kosnir Alexander Frimpong, fulltrúi atvinnurekenda í Ghana, og Plamen Dimitrov, fulltrúi launafólks í Búlgaríu. Soledad Villafane, fulltrúi ríkisstjórnar Argentínu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar.

Í almennum umræðum var fjallað um skilgreiningar. Niðurstaðan var sú að með óformlega hagkerfinu er átt við hvers kyns starfsemi sem kallar á starfsmenn og fjárhagslega umsýslu þar sem vinna er óskráð og ekki greiddir af henni skattar og skyldur. Slíkt vinnuframlag þekkist í öllum starfsgreinum, bæði á vegum hins opinbera og einkaaðila. Á þinginu komu fram nýjar upplýsingar um umfang þessarar starfsemi og staðfestar fyrri tölur um að 40 hundraðshlutar af vinnuafli heimsins falli undir þessa skilgreiningu. Af því leiðir að þessi hluti starfsmanna er án grundvallarréttinda í atvinnulífinu og nýtur ekki, eða að takmörkuðu leyti, réttar til trygginga og ýmiss konar bóta, t.d. atvinnuleysisbóta. Einnig kom fram við umræður í þingnefndinni að forsenda sjálfbærrar þróunar væri að þessi hluti vinnuaflsins væri hluti af hinu formlega hagkerfi ríkja heimsins. Umræðu um þetta efni verður fram haldið á 104. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2015.

Slóðin að skýrslu þingnefndarinnar er:
http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/103/reports/WCMS_246193/lang--en/index.htm

### 3.8 BREYTINGAR Á SAMÞYKKT ILO NR. 186, UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi árið 2006 samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Samþykktin hefur að geyma ákvæði sem mynda heildarlagaramma um vinnuumhverfi farmanna. Jafnframt voru felldar úr gildi um 60 eldri samþykktir og tilmæli stofnunarinnar sem höfðu fjallað um afmarkaða þætti sem snerta réttindi og skyldur þeirra. 103. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi breytingar á samþykkt nr. 186 sem fela í sér skyldu skipstjórnarmanns til að hafa til reiðu um borð í skipi vottorð sem staðfesta fjárhagslega getu til að standa straum af kostnaði við að aðstoða skipverja sem lenda í áföllum, t.d. vegna slysa eða veikinda. Þess skal getið að samþykkt nr. 186 samanstendur af texta samþykktarinnar og kóðum þar sem nánar er fjallað um ýmis tæknileg atriði. Um var að ræða breytingar á kóðum samþykktarinnar. Um þær breytingar gilda sérstök ákvæði sem gera þær einfaldari en ef um væri að ræða breytingar á meginmáli texta samþykktarinnar. Á það má minna í þessu sambandi að vinnuhópur hagsmunaaðila á vegum innanríkisráðuneytisins, með þátttöku fulltrúa velferðarráðuneytisins, hefur frá því haustið 2013 unnið að undirbúningi tillögu um fullgildingu Íslands á samþykkt nr. 186.

## *4. Evrópuráðstefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar*

Dagana 8.–11. apríl 2013 var haldin 9. Evrópuráðstefna Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar. Ráðstefnur sem helgaðar eru sérstökum aðstæðum í heimsálfum eða svæðum á sviði félags- og

vinnumála eru haldnar að jafnaði á fjögurra til fimm ára fresti. Evrópuráðstefnan var að þessu sinni haldin í Ósló í Noregi. Yfirskrift hennar var störf, hagvöxtur og félagslegt réttlæti. Hún var samstarfsverkefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og norskra stjórnvalda. Ýmsar alþjóðastofnanir komu einnig að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar, þeirra á meðal Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, Evrópusambandið, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Evrópuráðið.

Vinnumálaráðherra Noregs, Anniken Huitfelt, var kosinn forseti ráðstefnunnar. Varaforsetar voru kjörnir George Papadatos, sendifulltrúi í fastanefnd Grikklands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf, sem fulltrúi ríkisstjórna, Jorgen Rönnest, fulltrúi atvinnurekenda í Danmörku, og Mikhail Shmakov frá Rússlandi sem fulltrúi launafólks. Sendinefnd Íslands á ráðstefnunni skipuðu: Frá velferðarráðuneytinu: Gylfi Kristinsson sérfræðingur. Frá utanríkisráðuneytinu: Gunnar Pálsson, sendiherra Íslands í Noregi. Varamaður hans var Tómas Orri Ragnarsson, sendifulltrúi í sendiráði Íslands í Noregi. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands.

Um þátttöku í svæðaráðstefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gilda hliðstæðar reglur og um skipan sendinefnda á Alþjóðavinnumálaþinginu. Taki aðildarríki ákvörðun um að senda sendinefnd skal hún a.m.k. skipuð tveimur fulltrúum ríkisstjórnar, einum fulltrúa atvinnurekenda og einum fulltrúa launafólks. Samtals áttu 51 aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar rétt á að senda sendinefnd til ráðstefnunnar. Það gerði 41 ríki. Eftirtalin ríki áttu ekki fulltrúa á henni: Albanía, Armenía, Kirgistan, Malta, Makedónía, San Marínó, Tadzhikistan, Túrkmenistan og Úzbekistan. Eitt ríki sem hafði sent fulltrúabréf tók ekki þátt í ráðstefnunni en það var Ísrael. Fulltrúar ríkisstjórna sem tóku þátt í ráðstefnunni voru 151, 64 fulltrúar atvinnurekenda og 107 fulltrúar launafólks. Þátttakendur voru samtals 322; af þeim voru 41,4 hundraðshlutar konur. Hlutfall kvenna á svæðaráðstefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur ekki verið hærra.

## Setning og framvinda

Í opnunarræðu sinni bauð forseti ráðstefnunnar, Anniken Huitfelt, þríhliða sendinefndir aðildarríkjanna velkomnar. Hún minnti á að Noregur væri eitt af 42 stofnríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og traustur stuðningsaðili stofnunarinnar í viðleitni við að koma á félagslegu réttlæti í öllum heimsálfum. Í ljósi viðvarandi óstöðugleika í efnahagsmálum heimsins gegndi Alþjóðavinnumálastofnunin lykilhlutverki. Hlutverk ráðstefnunnar væri að leggja línur fyrir forstjórann um það hvert skuli stefnt næstu fjögur árin í því skyni að efla aðstoð og ráðgjöf stofnunarinnar við aðildarríkin í leit þeirra að lausnum til að draga úr óæskilegum afleiðingum af aðsteðjandi kreppu í efnahags-, fjár- og félagsmálum.

Ráðstefnan byggðist fyrst og fremst á pallborðsumræðum sérfræðinga þar sem þátttakendum var gefið færi á að koma með athugasemdir eða setja fram fyrirspurnir. Haldnar voru pallborðsumræður um eftirfarandi málefni: Efnahagsbata og samræmda stefnumörkun til að skapa hagvöxt og störf, hagvöxt sem leiðir til fjölgunar góðra starfa, mótun hagvaxtarstefnu sem leiðir til fjölgunar starfa, fjölgun gæðastarfa með samstarfi ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins og með kjarasamningum, aðgerðir í atvinnumálum ungs fólks og hlutfallslega fjölgun í eldri aldurshópum, framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði félags- og vinnumála og samræmda stefnumörkun í Evrópu og Mið-Asíu. Hér að neðan er gerð stutt grein fyrir því helsta sem gerðist á ráðstefnunni.

## Almennar umræður

Fram fóru almennar umræður um viðfangsefni ráðstefnunnar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna sameinuðust um ræðu sem flutt var við það tækifæri. Í ræðunni var lögð áhersla á að umræður á ráðstefnunni leiði til ályktunar sem sé stutt og markviss og byggi á skoðanaskiptum fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks sem geri hana raunhæfa og trúverðuga. Lögð verði áhersla á að vinna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þessum heimshluta byggi á vönduðum áætlunum sem mæti þörf aðildarríkjanna fyrir ráðgjöf og leiðbeiningar. Aðgerðir stofnunarinnar eigi

að byggjast á þekkingu, rannsóknum og reynslu sem geri henni kleift að mæla með aðgerðum sem hafi sannað gildi sitt. Alþjóðavinnumálastofnunin eigi að liðsinna aðildarríkjunum við að byggja upp hæfni til að takast á við þann vanda sem við blasir og laga aðgerðir að sérþörfum hlutaðeigandi aðildarríkis. ILO verði að forgangsraða í því skyni að geta haft áhrif og taka í því sambandi mið af óskum aðildarríkjanna. Í ræðunni voru talin upp nokkur forgangsverkefni. Þeirra á meðal aðgerðir til að fjölga störfum fyrir ungt fólk, jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði og virðing fyrir grundvallarréttindum í atvinnulífinu.

### Óformlegur ráðherrafundur

Að kvöldi fyrsta ráðstefnudagsins var haldinn óformlegur ráðherrafundur um atvinnumál ungs fólks á tímum aðsteðjandi kreppu. Gilles de Robin, formaður stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, stjórnaði fundinum. Fram kom í máli margra á fundinum að rík þörf væri fyrir skipulagsbreytingar og aðhaldsaðgerðir. Hins vegar væri nauðsynlegt að horfa fram á veginn og ekki eingöngu að einblína á efnahagsmál og stöðu ríkisfjármála. Nauðsynlegt væri að hyggja að betra samræmi á milli stefnu í efnahagsmálum og vinnumálum. Allnokkrir lögðu áherslu á stöðu þeirra sem hætta skólagöngu án þess að hafa aflað sér formlegrar menntunar og þjálfunar. Þessi hópur standi illa á krepputímum. Bent var á að kerfi í Austurríki og Þýskalandi hafi gefist vel sem byggir á samspili menntunar og fræðslu og þjálfunar á vinnustað (ens. dual apprenticeships). Ráðing í fyrsta starfið reynist mörgum erfiður þröskuldur við að ná fótfestu á vinnumarkaðnum. Skipst var á skoðunum um hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í því sambandi var vakin athygli á þingsályktun 101. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2012. Í henni væri að finna góða stefnumörkun fyrir stofnunina í þessu máli. Nokkrir ráðherrar lögðu til að Alþjóðavinnumálastofnunin héldi vinnustofu sem yrði vettvangur fyrir miðlun upplýsinga um verkefni sem hafi reynst vel við að takast á við atvinnuleysi ungs fólks. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tók saman það helsta sem fram kom á fundinum á eftirfarandi hátt: Óskiptur stuðningur við að Alþjóðavinnumálastofnunin verði vettvangur rannsókna, aðstoðar og ráðgjafar; að stofnunin hafi getu til að safna saman upplýsingum og vinna úr þeim; að hún verði miðstöð upplýsinga um velheppnuð verkefni; að stofnunin dreifi upplýsingum til ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins; að fram hafi komið staðfesting á gildi samráðs ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins sem og nauðsyn þess að hyggja að gæðum áætlana og starfa sem standi ungu fólki til boða.

### Yfirlýsing

Ráðstefnan afgreiddi yfirlýsingu sem segja má að sé í þeim anda sem fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna lögðu til í ræðu sinni. Drög að henni voru unnin af sérstakri þríhliða undirnefnd og átti Magnús M. Norðdahl sæti í henni fyrir hönd launafólks. Yfirlýsingin er bæði stutt og gagnorð og laus við alla skrúðmælgi.

Í yfirlýsingunni er á það minnt að vegna þess samstarfs ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins sem fram fer á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sé hún í kjörstöðu til þess að hvetja til mannsæmandi vinnuskilyrða og fjölgunar starfa meðal annars með því að:

- mæla með efnahagsstefnu sem efli atvinnulíf og fjárfestingu í raunverulegri atvinnusköpun;
- hvetja til að starfsumhverfi stuðli að frumkvæði í atvinnulífinu;
- leggja til að gripið sé til viðeigandi aðgerða sem styrki samkeppnisstöðu og stuðli að sjálfbærri þróun en virði jafnframtgrundvallarréttindi í atvinnulífinu.

Einnig er lögð áhersla á stefnumörkun sem bæti starfsumhverfi og eyði mun á launum kvenna og karla. Búa þurfi fyrirtækjum starfsöryggi og stöðugleika, einkum smáum og meðalstórum fyrirtækjum í samræmi við yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnari frá árinu 2007 um það efni.

Leggja þurfi atvinnuleitendum lið með virkum og árangursríkum vinnumarkaðsaðgerðum sem einkum taki mið af þörfum ungra og eldri atvinnuleitenda sem og að auka atvinnuþátttöku kvenna.

Mæta eigi vanda sem skapast vegna þarfa atvinnulífsins fyrir sérhæft vinnuafl. Hrinda þurfi í framkvæmd yfirlýsingu Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 2012 um atvinnuskapandi aðgerðir í þágu ungs fólks. Fylgja þurfi stefnu sem eflir rannsóknir og þróun einkum í skapandi atvinnugreinum og í græna hagkerfinu. Gæta verði að því að viðhalda fullnægjandi og sjálfbæru félagslegu öryggiskerfi. Leggja verði rækt við náið og ábyrgt samstarf við samtök aðila vinnumarkaðarins á öllum stigum sem leiði til jafnari tekjudreifingar, framfara í félagsmálum og stöðugleika sem byggi á launaþróun er taki mið af framleiðni.

Í seinni hluta yfirlýsingarinnar er að finna tilmæli til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðgerðir. Þar er meðal annars lögð áhersla á öflun upplýsinga, úrvinnslu þeirra og ráðgjöf við aðildarríkin. Aðstoð við framkvæmd á grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem og öðrum viðeigandi alþjóðasamþykktum. Stuðlað verði að skoðanaskiptum um vel heppnuð verkefni með því að skipuleggja ráðstefnur og málstofur um afmörkuð viðfangsefni. Að byggð verði upp geta ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins til að takast á við þau verkefni sem að þeim snúa með bættu þríhliða samráði, kjarasamningum og sameiginlegum aðgerðum. Loks var lögð áhersla á að Alþjóðavinnumálastofnunin beiti sér fyrir samræmdri stefnumótun hlutaðeigandi alþjóðastofnana í efnahags- og vinnumálum og einnig að því er varðar félagslega vernd á fundum eins og t.d. G-20 fundi fjármála- og vinnumálaráðherra sem haldinn verði í Rússlandi í júlí 2013.

Yfirlýsingin er birt í heild sem fylgiskjal með þessari skýrslu og slóðin að skýrslu ráðstefnunnar er: http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_210358.pdf

*Fylgiskjal I*

## BÓKUN VIÐ SAMÞYKKT UM NAUÐUNGARVINNU, 1930

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórnarnefnd stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 103. sinn hinn 28. maí 2014 og

viðurkennir að bann við nauðungarvinnu eða skylduvinnu er órofa hluti af grundvallarréttindum og að nauðungarvinna eða skylduvinna brýtur í bága við mannréttindi og reisn milljóna kvenna og karla, stúlkna og drengja, stuðlar að viðhaldi fátæktar og stendur í vegi fyrir því að allir fái mannsæmandi vinnu og

viðurkennir mikilvægi hlutverks samþykktarinnar um nauðungarvinnu, 1930 (nr. 29), hér á eftir nefnd „samþykktin“, og samþykktar um afnám nauðungarvinnu, 1957 (nr. 105), í baráttunni gegn hvers kyns nauðungarvinnu eða skylduvinnu en að gloppur í framkvæmd kalli á frekari ráðstafanir og

hefur hugfast að skilgreining á nauðungarvinnu eða skylduvinnu, skv. 2. gr. samþykktarinnar, nær til hvers konar nauðungarvinnu eða skylduvinnu og á við um allar manneskjur án aðgreiningar og

leggur áherslu á hversu brýnt er að útrýma hvers konar nauðungarvinnu og skylduvinnu og

minnast þeirra skuldbindinga aðildarríkjanna, sem hafa fullgilt samþykktina, til að gera nauðungarvinnu eða skylduvinnu að refsiverðum verknaði og til að tryggja að viðurlög, samkvæmt lögum, séu í raun fullnægjandi og framfylgt af festu og

veitir því athygli að aðlögunartíminn, sem um getur í samþykktinni, er liðinn og að ákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3.–24. gr. eiga ekki lengur við og

viðurkennir að samhengi og form nauðungarvinnu eða skylduvinnu hefur breyst og mansal í tengslum við nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sem kann að fela í sér kynferðislega misnotkun, er vaxandi alþjóðlegt áhyggjuefni sem krefst bráðra aðgerða til skilvirks afnáms hennar og

veitir því athygli að sífellt fleira launafólk er hneppt í nauðungarvinnu eða skylduvinnu í einkageiranum, að tilteknar greinar atvinnulífsins eru sérstaklega berskjaldaðar gagnvart því og að tilteknum hópum launafólks er hættara en öðrum við að verða fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sérstaklega farandfólk, og

veitir því athygli að árangursríkt og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu stuðlar að því að tryggja sanngjarna samkeppni meðal atvinnurekenda sem og vernd launafólks og

minnist viðeigandi alþjóðlegra krafna um vinnuskilyrði, einkum

samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948 (nr. 87),

samþykktar um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega , 1949 (nr. 98),

samþykktar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, 1951 (nr. 100),

samþykktar um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, 1958 (nr. 111),

samþykktar um lágmarksaldur við vinnu, 1973 (nr. 138),

samþykktar um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182), samþykktar um búferlaflutninga í atvinnuskyni (endurskoðuð), 1949 (nr. 97),

samþykktar um farandverkafólk (viðbótarákvæði), 1975 (nr. 143),

samþykktar um þjónustufólk á heimilum, 2011 (nr. 189), samþykktar um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, 1997 (nr. 181),

samþykktar um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, 1947 (nr. 81),

samþykktar um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 (nr. 129)

sem og

yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu (1998) og

yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu (2008) og

veitir öðrum viðeigandi alþjóðlegum gerningum athygli, einkum

almennu mannréttindayfirlýsingunni (1948),

alþjóðasamþykkt um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (1966),

alþjóðasamþykkt um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (1966),

samþykkt um afnám þrælahalds (1926), viðbótarsamningi um afnám þrælahalds, þrælasölu og stofnana og framkvæmda er líkjast þrælahaldi (1956), samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (2000), bókun til þess að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn (2000), bókun gegn smygli farandfólks á landi, sjó og í lofti (2000), alþjóðasamningi um verndun réttinda allra farandverkamanna og aðstandenda þeirra (1990), samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (1984), samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1979), og

samningi um réttindi fatlaðs fólks (2006) og

hefur ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur til að fylla upp í gloppur í framkvæmd samningsins og áréttað að aðgerðir um forvarnir, vernd og úrræði, s.s, bætur og endurhæfing, eru nauðsynlegar til að unnt sé að afnema skilvirkt og varanlega nauðungarvinnu eða skylduvinnu samkvæmt fjórða dagskrárlið þingsins og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi bókunar við samþykktina,

samþykkir hinn 11. júní 2014 eftirfarandi bókun, sem nefna má bókunina frá 2014, við samþykkt um nauðungarvinnu, 1930.

### 1. gr.

1. Þegar sérhvert aðildarríki hrindir í framkvæmd skyldum sínum um að afnema nauðungarvinnu eða skylduvinnu, samkvæmt samþykktinni, skal það grípa til virkra ráðstafana til að koma í veg fyrir og afnema beitingu hennar, að veita fórnarlömbum vernd og aðgang að viðeigandi og skilvirkum úrræðum, s.s. bótum, og að þeir sem standa fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu sæti viðurlögum.

2. Sérhvert aðildarríki skal móta stefnu og áætlun á landsvísu um skilvirkt og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu í samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks, sem skal fela í sér kerfisbundnar aðgerðir af hálfu lögbærra stjórnvalda og, eins og við á, í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks, auk annarra hópa sem málið varðar.

3. Skilgreiningin á nauðungarvinnu eða skylduvinnu í samþykktinni er áréttuð og því skulu ráðstafanirnar, sem um getur í bókun þessari, fela í sér sérstakar aðgerðir gegn mansali í tengslum við nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

2. gr.

Þær ráðstafanir sem grípa á til í því skyni að koma í veg fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu skulu fela í sér:

a) að fræða og upplýsa fólk, einkum það sem talið er sérstaklega berskjaldað, í því skyni að koma í veg fyrir að það þurfi að sæta nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

b) að fræða og upplýsa atvinnurekendur, í því skyni að koma í veg fyrir að þeir verði viðriðnir nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

c) aðgerðir til að tryggja:

   i. að umfang og framkvæmd löggjafar, sem tengist fyrirbyggjandi aðgerðum gegn nauðungarvinnu eða skylduvinnu, þ.m.t. vinnuréttur, eftir því sem við á, gildi um allt launafólk og allar greinar atvinnulífsins og

   ii. að vinnueftirlit og önnur þjónusta, sem ber ábyrgð á framkvæmd þessarar löggjafar, sé styrkt,

d) að vernda einstaklinga, einkum farandlaunafólk, gegn hugsanlegri misnotkun og sviksamlegri meðferð meðan á ráðningar- eða vistunarferli stendur,

e) að stuðla að því að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar sýni tilhlýðilega natni við að koma í veg fyrir og bregðast við hættu á nauðungarvinnu eða skylduvinnu og

f) að bregðast við frumorsökum þess sem veldur aukinni hættu á nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

3. gr.

Sérhvert aðildarríki skal grípa til virkra ráðstafana til að bera kennsl á, leysa úr fjötrum, vernda, endurheimta og endurhæfa öll fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu auk þess að veita hvers konar aðra aðstoð og stuðning.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að öll fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu, óháð veru þeirra eða réttarstöðu á landsvæði þeirra, hafi aðgang að viðeigandi og skilvirkum úrræðum, svo sem bótum.

2. Sérhvert aðildarríki skal, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær stjórnvöld hafi ekki rétt til að lögsækja eða beita fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu viðurlögum við ólöglegu athæfi sem þau hafa verið þvinguð til þess að fremja og er bein afleiðing þess að þau sættu nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

5. gr.

Aðildarríki skulu eiga samstarf um að hindra og útrýma með tryggum hætti hvers konar nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

6. gr.

Ráðstafanir, sem gerðar eru til að beita ákvæðum þessarar bókunar og samþykktarinnar, skulu ákvarðaðar í landslögum eða reglugerðum eða af hálfu lögbærra stjórnvalda, að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks.

7. gr.

Bráðabirgðaákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3.–24. gr. samþykktarinnar skulu falla brott.

8. gr.

1. Aðildarríki getur fullgilt bókun þessa á sama tíma eða hvenær sem er eftir fullgildingu samþykktarinnar, með því að senda formlega tilkynningu til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

2. Bókunin öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum. Síðan tekur bókun þessi gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð og samþykktin skal vera bindandi fyrir hlutaðeigandi aðila auk 1.–7. gr. þessarar bókunar.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur fullgilt bókun þessa, getur sagt henni upp hvenær sem samþykktin er opin til uppsagnar, í samræmi við 30. gr. hennar, með tilkynningu sem send er forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

2. Uppsögn samþykktarinnar, í samræmi við 30. eða 32. gr. hennar, skal, samkvæmt lögum, fela í sér uppsögn bókunar þessarar.

3. Uppsögn í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar skal ekki koma til framkvæmda fyrr en einu ári eftir þann dag sem hún er skráð.

10. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag bókunin gangi í gildi.

11. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir sem skráðar eru hjá forstjóranum.

12. gr.

Enskur og franskur texti bókunar þessarar er jafngildur.

*Fylgiskjal II*

## TILMÆLI NR. 203, UM VIÐBÓTARRÁÐSTAFANIR TIL SKILVIRKS AFNÁMS NAUÐUNGARVINNU

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem kom saman til 103. þingsetu sinnar í Genf hinn 28. maí 2014 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

hefur samþykkt bókunina frá 2014 við samþykkt um nauðungarvinnu, 1930, hér á eftir nefnd „bókunin", og

hefur ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur í því skyni að fylla upp í gloppur í framkvæmd samþykktar um nauðungarvinnu, 1930 (nr. 29), hér á eftir nefnd „samþykktin", og áréttað að ráðstafanir um forvarnir, vernd og úrræði, s.s. um bætur og endurhæfingu, séu nauðsynlegar til að öðlast skilvirkt og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu, samkvæmt fjórða dagskrárlið þingsins,

og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla til viðbótar við samþykktina og bókunina,

samþykkir í dag, 11. júní 2014, eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til með heitinu tilmæli um viðbótarráðstafanir gegn nauðungarvinnu, 2014.

1. Aðildarríki skulu koma á fót eða styrkja, eins og þörf krefur, í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks og aðra hópa sem málið varðar:

   a) stefnumörkun og áætlunum á landsvísu með tímasettum ráðstöfunum þar sem beitt er kynnæmri og barnanæmri nálgun til að öðlast skilvirkt og viðvarandi afnám hvers konar nauðungarvinnu eða skylduvinnu með forvörnum, vernd og aðgangi að úrræðum, s.s. bótum, til fórnarlamba og refsingu gegn nauðungarvinnu og

   b) lögbærum stjórnvöldum, s.s. vinnueftirliti, dómskerfi og opinberum stofnunum eða öðru stofnanakerfi, sem tekur á nauðungarvinnu eða skylduvinnu til að tryggja þróun, samræmingu, framkvæmd og eftirlit með og mat á stefnumörkun og áætlunum á landsvísu.

2. (1) Aðildarríki ættu að safna reglulega, greina og koma á framfæri áreiðanlegum, óhlutdrægum og ítarlegum upplýsingum og hagtölum, sem eru sundurgreindar með tilliti til viðeigandi eiginleika, s.s. kyns, aldurs og þjóðernis, um eðli og umfang nauðungarvinnu eða skylduvinnu sem gerir kleift að meta framfarir.

   (2) Virða ber réttinn til friðhelgi einkalífsins með tilliti til persónuupplýsinga.

## Fyrirbyggjandi ráðstafanir

3. Aðildarríki skulu grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana sem fela í sér:

a) að virða, stuðla að og hrinda í framkvæmd grundvallarreglum og réttindum við vinnu,

b) að stuðla að félagafrelsi og gerð kjarasamninga til að gera launamönnum í áhættuhópi kleift að ganga í samtök launafólks,

c) áætlanir til að berjast gegn mismunun sem eykur varnarleysi gegn nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

d) frumkvæði til að taka á barnavinnu og stuðla að tækifærum til menntunar barna, bæði drengja og stúlkna, til að tryggt sé að börn verði ekki fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu og

e) að gera ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd markmiðum bókunarinnar og samþykktarinnar.

4. Að teknu tilliti til aðstæðna á landsvísu ættu aðildarríki að grípa til ítrustu forvarna, s.s.:

a) að komast að grunnorsökum varnarleysis launamanna gegn nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

b) markvisst átak til vitundarvakningar, sem beinist sérstaklega að þeim sem er hættast við að lenda í nauðungarvinnu eða skylduvinnu, í því skyni m.a. að upplýsa þá um hvernig þeir geti varið sig gegn sviksamlegri ráðningu eða ráðningu sem felur í sér misnotkun, um réttindi þeirra og skyldur í starfi og hvernig leita má aðstoðar ef þörf krefur,

c) markvisst átak til vitundarvakningar um viðurlög við brotum á banni við nauðungar-vinnu eða skylduvinnu,

d) áætlanir um þjálfun í verklegri færni fyrir þjóðfélagshópa sem eru í áhættu til að auka atvinnumöguleika þeirra og tækifæri ásamt getu þeirra til tekjuöflunar,

e) ráðstafanir til að tryggja að landslög og reglugerðir um ráðningarsamband taki til allra sviða efnahagslífsins og að þeim sé framfylgt með skilvirkum hætti. Tilgreina skal viðeigandi upplýsingar um ráðningarskilmála með viðeigandi, sannanlegum og vel skiljanlegum hætti og helst, ef unnt er, með skriflegum samningum í samræmi við landslög, reglugerðir eða kjarasamninga,

f) grundvallarvernd almannatrygginga, sem myndar lágmarksrétt til félagslegrar verndar á landsvísu, eins og kveðið er á um í tilmælum um lágmarksrétt til félags-legrar verndar, 2012 (nr. 202), í því skyni að draga úr varnarleysi gegn nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

g) fræðslu og upplýsingar fyrir farandfólk fyrir brottför og við komu svo það sé betur í stakk búið til að vinna og búa erlendis og að efla skilning og vitund um mansal tengt nauðungarvinnu,

h) samræmda stefnumörkun, s.s. á sviði búferlaflutninga vinnuafls, þar sem tekið er tillit til áhættu sem tilteknir hópar farandverkafólks standa frammi fyrir, þ.m.t. þeir sem eru í óvissri stöðu, og taka á aðstæðum sem kunna að leiða af sér nauðungarvinnu,

i) að stuðla að samræmdum aðgerðum af hálfu hlutaðeigandi ríkisstofnana gagnvart stofnunum annarra ríkja til að auðvelda reglulega og örugga fólksflutninga og til að koma í veg fyrir mansal, þ.m.t. samræmdar aðgerðir til að setja reglur um, veita starfsleyfi og hafa eftirlit með ráðningarstofum og vinnumiðlunum, og að útrýma ráðningargjöldum launamanna til að koma í veg fyrir skuldaánauð og annað form efnahagslegrar þvingunar og

j) að veita launafólki og fyrirtækjum leiðbeiningu og stuðning, þegar aðilar rækja skuldbindingar sínar samkvæmt samþykktinni, til að grípa til skilvirkra ráðstafana um að bera kennsl á, koma í veg fyrir, draga úr og gera grein fyrir því hvernig þeir takast á við áhættu af nauðungarvinnu eða skylduvinnu í rekstri sínum eða með vörum sínum, þjónustu eða starfsemi sem þeir kunna að tengjast beint.

## Verndun

5. a) Gera ætti hnitmiðaðar ráðstafanir til að bera kennsl á og frelsa fórnarlömb frá því að sæta nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

b) Gera ætti varúðarráðstafanir sem nýtast fórnarlömbum nauðungarvinnu eða skylduvinnu. Þessar ráðstafanir ættu ekki að vera háðar skilyrðum á hendur fórnalambinu um samstarf við rannsókn sakamála eða í öðrum málarekstri.

c) Gera má ráðstafanir til að hvetja fórnarlömb til samstarfs við að bera kennsl á og refsa gerendum.

6. Aðildarríki ættu að kunna skil á hlutverki og getu samtaka launafólks og annarra hlutaðeigandi samtaka til að styðja og aðstoða fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

7. Aðildarríki ættu, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfa sinna, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld eigi ekki rétt á að lögsækja eða sekta fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu fyrir aðild þeirra að ólöglegri starfsemi sem þau hafa verið þvinguð til að taka þátt í og er bein afleiðing af því að sæta nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

8. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að útrýma svívirðilegri og sviksamlegri starfsemi ráðningarstofa og vinnumiðlana, s.s.:

a) að útrýma ráðningargjöldum launamanna,

b) að krefjast gagnsærra samninga þar sem ráðningarskilmálar og vinnuskilyrði eru útskýrð greinilega,

c) að sjá fyrir fullnægjandi og aðgengilegum kvörtunarúrræðum,

d) að leggja á fullnægjandi viðurlög og

e) að setja reglur um eða veita starfsleyfi fyrir þessa þjónustu.

9. Að teknu tilliti til aðstæðna á landsvísu ættu aðildarríki að gera allar þær verndarráðstafanir sem í þeirra valdi stendur til að mæta þörfum allra fórnarlamba, bæði hvað varðar tafarlausa aðstoð og bata og endurhæfingu til langs tíma, s.s.:

a) að grípa til hæfilegra aðgerða til að tryggja öryggi fórnarlamba nauðungarvinnu eða skylduvinnu, auk aðstandenda og vitna, eftir því sem við á, þ.m.t. vernd gegn ógnunum og hefnd fyrir að leita réttar síns samkvæmt viðeigandi landslögum eða samvinnu í tengslum við málarekstur,

b) fullnægjandi og viðeigandi húsnæði,

c) heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. bæði læknis- og sálfræðihjálp, svo og sjá fyrir sérstökum ráðstöfunum til að endurhæfa fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu þar á meðal þá sem hafa einnig sætt kynferðislegu ofbeldi,

d) efnislega aðstoð,

e) verndun einkalífs og sjálfsmyndar og

f) félagslega og efnahagslega aðstoð, þ.m.t. aðgangur að menntunar- og þjálfunartækifærum og aðgangur að mannsæmandi vinnu.

10. Verndarráðstafanir fyrir börn, sem sæta nauðungarvinnu eða skylduvinnu, ættu að taka mið að sérstökum þörfum og hagsmunum barnsins og ættu auk þeirrar verndar sem kveðið er á um í samþykkt um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182), að fela í sér:

a) aðgang stúlkna og drengja að menntun,

b) tilnefningu lögráðamanns eða annars fulltrúa þar sem við á,

c) að þegar ekki er vitað um aldur einstaklings en ástæða er til að ætla að hann eða hún sé undir 18 ára aldri sé gengið út frá því að viðkomandi sé undir lögaldri þar til aldur hefur verið sannprófaður og

d) aðgerðir sem miða að því að börn og fjölskyldur þeirra sameinist á ný eða, þegar það þjónar best hagsmunum barnsins, veita fjölskyldutengda umönnun.

11. Að teknu tilliti til aðstæðna á landsvísu ættu aðildarríki að gera sem skilvirkastar verndarráðstafanir í þágu innflytjenda, sem sæta nauðungarvinnu eða skylduvinnu, óháð réttarstöðu þeirra á landsvæðinu, þ.m.t.:

a) að gefa kost á umþóttunartímabili í því skyni að gera einstaklingi, sem í hlut á, kleift að taka upplýsta ákvörðun um verndaraðgerðir og þátttöku í málarekstri sem felur í sér að einstaklingnum skal heimilt að dvelja á landsvæði hlutaðeigandi aðildarríkis þegar gild ástæða er til að ætla að einstaklingurinn sé fórnarlamb nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

b) að veita tímabundið eða varanlegt búsetuleyfi og aðgengi að vinnumarkaðnum og

c) að greiða fyrir öruggri og helst sjálfviljugri heimsendingu.

### Úrræði svo sem bætur og aðgangur að réttlátri málsmeðferð

12. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að öll fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu hafi aðgang að réttarkerfinu og öðrum viðeigandi og skilvirkum úrræðum, s.s. bótum vegna líkamstjóns og eignatjóns, þ.m.t. með því:

a) að tryggja, í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur, að öll fórnarlömb, annaðhvort ein og sér eða fyrir milligöngu fulltrúa, hafi skilvirkan aðgang að dómstólum, gerðardómum eða öðrum réttarkerfum til að leita lagalegra úrræða, s.s. bóta og skaðabóta,

b) að gera fórnarlömbum kleift að sækja bætur og skaðabætur á hendur gerendum, þ.m.t. ógreidd laun og lögbundin framlög til almannatrygginga,

c) að tryggja aðgang að viðeigandi bótakerfum,

d) að veita upplýsingar og ráðgjöf um lagalegan rétt fórnarlamba og þá þjónustu sem í boði er, á tungumáli sem þau skilja, sem og aðgang að réttaraðstoð, helst ókeypis og

e) að sjá til þess að fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sem átti sér stað í aðildarríki, bæði ríkisborgarar og erlendir borgarar, geti leitað viðeigandi stjórnsýsluúrræða, úrræða einkamálaréttar og sakamálaréttar í því ríki, óháð veru þeirra eða réttarstöðu í ríkinu, samkvæmt kröfum um einfaldaða málsmeðferð þegar það á við.

### Framkvæmd

13. Aðildarríki ættu að grípa til aðgerða til að efla framkvæmd landslaga og reglugerða og annarra ráðstafana, þ.m.t. með því:

a) að veita viðkomandi stjórnvöldum, s.s. vinnueftirliti nauðsynlegt umboð, mannafla og þjálfun til að gera þeim kleift að framfylgja með skilvirkum hætti lögum og eiga samstarf við aðrar hlutaðeigandi stofnanir um forvarnir og vernd fórnarlamba nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

b) að kveða á um viðurlög, auk refsinga, s.s. upptöku hagnaðar af nauðungarvinnu eða skylduvinnu og annarra eigna í samræmi við landslög og reglugerðir,

c) að tryggja að unnt sé að gera lögaðila skaðabótaskylda fyrir brot á banni við að nota nauðungarvinnu eða skylduvinnu með því að beita 25. gr. samningsins og ákvæða b-liðar hér að framan og

d) að efla viðleitni til að bera kennsl á fórnarlömb, þ.m.t. með því að skilgreina vísbendingar um nauðungarvinnu eða skylduvinnu sem beita mætti af hálfu vinnueftirlitsmanna, löggæsluyfirvalda, félagsráðgjafa, útlendingaeftirlitsmanna, opinberra saksóknara, atvinnurekenda, samtaka atvinnurekenda og launafólks, frjálsra félagasamtaka og annarra hlutaðeigandi aðila.

### Alþjóðleg samvinna

14. Styrkja ætti alþjóðlegt samstarf aðildarríkja og hlutaðeigandi alþjóðastofnana og svæðisbundinna stofnana en þessi aðildarríki ættu að aðstoða hvert annað við að afnema nauðungarvinnu með árangursríkum og viðvarandi hætti, þ.m.t. með því:

a) að efla alþjóðlega samvinnu milli stofnana á sviði vinnuréttar auk löggæslu á sviði refsiréttar,

b) að standa fyrir gerð áætlana á landsvísu og heimsvísu um tæknisamvinnu og –aðstoð,

c) að veita gagnkvæma lögfræðilega aðstoð,

d) að eiga samstarf um aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu með aðkomu stjórnarerindreka og

e) að koma á gagnkvæmri tækniaðstoð, þ.m.t. skipti á upplýsingum og miðlun góðra starfsvenja og lærdóms sem draga má af baráttunni gegn nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

*Fylgiskjal III*

## BREYTINGAR Á SAMÞYKKT NR. 186, UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA, FRÁ ÁRINU 2006

Breytingar á kóðanum sem hrindir í framkvæmd reglum 2.5 og 4.2 og viðbætum við samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (MLC, 2006), sem samþykktar voru af hálfu sérstakrar þríhliða nefndar 11. apríl 2014.

I. Breytingar á kóðanum sem hrindir í framkvæmd reglu 2.5 - Heimsending í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (ásamt viðbætum).

### A. Breytingar tengdar viðmiðun A2.5

Í fyrirsögninni „Viðmiðun A2.5 - Heimsending“ kemur „A2.5.1“ í stað „A2.5“.

Næst á eftir 9. mgr. í viðmiðun A2.5 bætist við eftirfarandi fyrirsögn og texti:

Viðmiðun A2.5.2 - Fjárhagsleg trygging.

1. Við framkvæmd 2. mgr. í reglu 2.5 eru í þessari viðmiðun ákvarðaðar kröfur til að tryggja að farmönnum sé veitt fjárhagsleg trygging með skjótum og skilvirkum hætti í þeim tilvikum þegar þeir eru skildir eftir.
2. Að því er varðar þessa viðmiðun skal farmaður teljast hafa verið skilinn eftir ef brotið er í bága við kröfur þessarar samþykktar eða skilmála ráðningarsamnings farmanna og útgerðarmaður:
   a) vanrækir að bera kostnað af heimsendingu farmannsins eða

   b) lætur farmanninn standa uppi án nauðsynlegrar framfærslu og stuðnings eða

   c) hefur á annan hátt einhliða slitið tengsl sín við farmanninn, þ.m.t. með því að greiða honum ekki umsamin laun í a.m.k. tvo mánuði.
3. Hvert aðildarríki skal tryggja að fjárhagsleg trygging, sem fullnægir kröfum þessarar viðmiðunar, sé til staðar í skipum sem sigla undir fána þess.

   Fjárhagsleg trygging getur verið í formi tryggingaverndarkerfis, tryggingar, sjóðs á landsvísu eða annars ámóta fyrirkomulags.

   Aðildarríki skal ákvarða form hennar að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna.
4. Fjárhagsleg trygging skal veita farmanni, sem starfar á skipi sem siglir undir fána aðildarríkisins og er skilinn eftir, milliliðalausan, fullnægjandi og skjótan aðgang að fjárhagslegum stuðningi.
5. Að því er varðar b-lið 2. mgr. þessarar viðmiðunar skal nauðsynleg framfærsla og stuðningur við farmenn fela í sér:

   fullnægjandi fæði, húsnæði, birgðir af drykkjarvatni, nauðsynlegt eldsneyti til að lifa af um borð í skipi og nauðsynlega læknishjálp.

6. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip, sem sigla undir fána þess og falla undir 1. eða 2. mgr. í reglu 5.1.3, hafi um borð vottorð eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu sem sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hefur gefið út.
Afrit skal fest upp á áberandi stað um borð þar sem farmenn hafa aðgang að því.

Ef um er að ræða fleiri en eitt aðildarríki sem veitir fjárhagslega tryggingu skal vera um borð skjal sem hvert þeirra lætur í té.

7. Vottorð eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu skulu innihalda þær upplýsingar sem krafist er í viðbæti A2-I.
Þau skulu vera á ensku eða ensk þýðing fylgja með.

8. Aðstoð samkvæmt fjárhagslegu tryggingunni skal veitt þegar í stað, að beiðni farmanns eða tilnefnds fulltrúa hans, og skal hún studd nauðsynlegum rökum varðandi rétt farmanns til fjárhagslegs stuðnings í samræmi við 2. mgr. hér að framan.

9. Með hliðsjón af reglum 2.2 og 2.5 skal aðstoð, sem fjárhagsleg trygging veitir, vera fullnægjandi svo hún taki til eftirfarandi:

   a) útistandandi launa og annarra réttinda, sem útgerðarmanni ber að veita farmönnum samkvæmt ráðningarsamningi þeirra, viðkomandi kjarasamninga eða landslaga í fánaríki, sem takmarkast við fjóra mánuði af slíkum útistandandi launum og fjóra mánuði af slíkum útistandandi réttindum,

   b) hvers konar útgjalda, sem farmaður stofnar til, þ.m.t. kostnaðar við heimsendingu sem um getur í 10. mgr. og

   c) nauðsynlegra þarfa farmanna, þ.m.t. atriða eins og fullnægjandi fæðis, fatnaðar ef þörf krefur, húsnæðis, birgða af drykkjarvatni, nauðsynlegs eldsneytis til að lifa af um borð í skipi, nauðsynlegrar læknishjálpar og hvers kyns annars sanngjarns kostnaðar eða greiðslna sökum athafna eða athafnaleysis sem leiðir af því að farmaður er skilinn eftir þar til hann kemst til síns heima.

10. Kostnaður við heimsendingu skal taka til ferðalags á viðeigandi og skjótan hátt, yfirleitt með flugi, og felur í sér að sjá farmanni fyrir fæði og húsnæði frá því farið er frá borði þar til farmaður kemst heim til sín, nauðsynlegrar læknishjálpar, ferðalags og flutnings af persónulegum ástæðum og annars sanngjarns kostnaðar eða greiðslna sökum þess að hafa verið skilinn eftir.

11. Fjárhagsleg trygging skal ekki falla niður fyrir lok gildistíma hennar nema sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hafi tilkynnt það lögbæru stjórnvaldi fánaríkisins með a.m.k. 30 daga fyrirvara.

12. Ef sá sem veitir vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu hefur innt af hendi einhverja greiðslu til farmanns í samræmi við þessa viðmiðun skal hann, að þeirri fjárhæð sem hann hefur greitt og í samræmi við gildandi lög, afla með kröfuhafaskiptum, framsali eða á einhvern annan hátt, réttinda sem farmaður hefði notið.

13. Ekkert í þessari viðmiðun skal hafa áhrif á endurkröfurétt vátryggjanda eða þess sem veitir fjárhagslega tryggingu gegn þriðju aðilum.

14. Ákvæðum þessarar viðmiðunar er hvorki ætlað að einskorðast við né hafa áhrif á önnur réttindi, kröfur eða úrræði, sem kunna einnig að standa farmönnum til boða til að bæta þeim það upp þegar þeir eru skildir eftir.

Í landslögum og reglugerðum er heimilt að kveða á um að fjárhæðir, sem greiða ber samkvæmt þessari viðmiðun, geti vegið upp á móti öðru fjármagni sem á rætur sínar að rekja til hvers konar réttinda, krafna eða úrræða sem kunna að falla undir bætur samkvæmt þessari viðmiðun.

**B. Breytingar tengdar leiðbeiningum B2.5**

Við niðurlag núverandi leiðbeininga B2.5 bætist við eftirfarandi fyrirsögn og texti:

Leiðbeiningar B2.5.3 - Fjárhagsleg trygging.

1. Við framkvæmd 8. mgr. í viðmiðun A2.5.2, ef þörf er á fresti til að kanna réttmæti tiltekinna þátta í beiðni farmanns eða tilnefnds fulltrúa hans, ætti slíkt ekki að koma í veg fyrir að farmaður fái tafarlaust þann hluta aðstoðarinnar sem farið var fram á og telst réttlætanlegur.

**C. Breyting til að bæta við nýjum viðbæti**

Bæta skal eftirfarandi viðbæti við á undan viðbæti A5-I:

Viðbætir A2-I.

Vísbending um fjárhagslega tryggingu samkvæmt 2. mgr. reglu 2.5.

Vottorðið eða önnur gögn, sem um getur í 7. mgr. í viðmiðun A2.5.2, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn skipsins,

b) heimahöfn skipsins,

c) kallmerki skipsins,

d) IMO-númer skipsins,

e) nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem veita fjárhagslega tryggingu,

f) upplýsingar um tengiliði þeirra einstaklinga eða aðila sem eru ábyrgir fyrir því að meðhöndla beiðnir farmanna um aðstoð,

g) nafn útgerðarmanns,

h) gildistíma fjárhagslegrar tryggingar og

i) staðfestingu frá þeim sem veitir fjárhagslega tryggingu um að fjárhagslega tryggingin uppfylli kröfur viðmiðunar A2.5.2.

**D. Breytingar tengdar viðbætum A5-I, A5-II og A5-III**

Við lok viðbætis A5-I bætist eftirfarandi liður:

Fjárhagsleg trygging fyrir heimsendingu.

Í viðbæti A5-II, á eftir 14. lið, undir fyrirsögninni „Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnu-skilyrði farmanna - I. hluti“, bætist við eftirfarandi liður:

15. Fjárhagsleg trygging fyrir heimsendingu (regla 2.5).

Í viðbæti A5-II, á eftir 14. lið, undir fyrirsögninni „Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna - II. hluti“ bætist við eftirfarandi liður:

15. Fjárhagsleg trygging fyrir heimsendingu (regla 2.5).

Við niðurlag viðbætis A5-III bætist við eftirfarandi svið:

Fjárhagsleg trygging fyrir heimsendingu II.

Breytingar á kóðanum sem hrindir í framkvæmd reglu 4.2

– Ábyrgð útgerðarmanna í Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006

(og viðbætum).

**A. Breytingar tengdar viðmiðun A4.2**

Í þessari fyrirsögn, „Viðmiðun A4.2 - Ábyrgð útgerðarmanna“, komi „A4.2.1“ í stað „A4.2“.

Næst á eftir 7. mgr. í viðmiðun A4.2 bætist við eftirfarandi texti:

8. Í landslögum og reglugerðum skal kveðið á um að kerfi um fjárhagslegar tryggingar, sem tryggir bætur eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. þessarar viðmiðunar um samningskröfur og skilgreint er í viðmiðun A4.2.2, uppfylli eftirfarandi lágmarks-kröfur:

a) samningsbundnar bætur, sem settar eru fram í ráðningarsamningi farmanns og sem skulu, með fyrirvara um c-lið þessarar málsgreinar, greiddar að fullu og án tafar,

b) ekki skal vera neinn þrýstingur á að samþykkja greiðslu sem er lægri en samnings-bundna fjárhæðin,

c) þar sem eðli langtímafötlunar farmanns torveldar að meta fullar bætur, sem farmaður kann að eiga rétt á, skal farmaður fá greiðslu eða greiðslur til bráðabirgða til að forðast óþarfa þrengingar,

d) í samræmi við 2. mgr. í reglu 4.2 skal farmaður fá greiðslu, með fyrirvara um önnur lagaleg réttindi, en útgerðarmaður kann að láta slíka greiðslu vega upp á móti hvers konar öðru tjóni sem hlotist hefur af einhverri annarri kröfu sem farmaður hefur gert á hendur útgerðarmanni og á rætur sínar að rekja til sama óhappsins og

e) krafa um samningsbundnar bætur má koma beint frá viðkomandi farmanni eða nánasta aðstandenda hans eða frá fulltrúa farmanns eða tilnefndum móttakanda.

9. Í landslögum og reglugerðum skal séð til þess að farmenn fái tilkynningu fyrirfram ef fyrirhugað er að afturkalla fjárhagslega tryggingu útgerðarmanns.

10. Í landslögum og reglugerðum skal séð til þess að sá sem veitir fjárhagslega tryggingu tilkynni lögbæru yfirvaldi fánaríkis ef fjárhagsleg trygging er afturkölluð eða hún felld úr gildi.

11. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip, sem sigla undir fána þess, hafi um borð vottorð eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu sem sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hefur gefið út.

    Afrit skal fest upp á áberandi stað um borð þar sem farmenn hafa aðgang að því.

    Ef um er að ræða fleiri en einn, sem veitir fjárhagslega tryggingu, skal vera um borð skjal sem hver þeirra lætur í té.

12. Fjárhagsleg trygging skal ekki falla niður fyrir lok gildistíma hennar nema sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hafi tilkynnt það lögbæru stjórnvaldi eða fánaríkinu með a.m.k. 30 daga fyrirvara.

13. Í fjárhagslegri tryggingu skal kveðið á um greiðslu allra samningskrafna sem falla undir hana og koma upp á því tímabili sem skjalið er í gildi.

14. Vottorð eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu skulu innihalda þær upplýsingar sem krafist er í viðbæti A4-I.

    Þau skulu vera á ensku eða ensk þýðing fylgja með.

Eftirfarandi fyrirsögn og texti bætist við á eftir viðmiðun A4.2:

Viðmiðun A4.2.2 - Meðferð samningskrafna.

1. Að því er varðar 8. mgr. í viðmiðun A4.2.1 og núverandi viðmiðun merkir hugtakið „samningsbundin krafa“ hvers konar kröfu sem tengist dauða eða langtímafötlun farmanns vegna vinnuslyss, veikinda eða hættu eins og kveðið er á um í landslögum, ráðningasamningi farmanna eða kjarasamningi.

2. Kerfi um fjárhagslega tryggingu, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. í viðmiðun A4.2.1, kann að vera í formi tryggingaverndarkerfis, tryggingar,sjóðs eða annars svipaðs fyrirkomulags.

   Aðildarríkið skal ákvarða form þess að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna.

1. Í landslögum og reglugerðum skal séð til þess að til staðar séu skilvirkar ráðstafanir til að taka á móti, meðhöndla og semja af óhlutdrægni um samningskröfur tengdar bótunum, sem um getur í 8. mgr. í viðmiðun A4.2.1, fyrir tilstuðlan skjótrar og sanngjarnrar málsmeðferðar.

**B. Breytingar tengdar leiðbeiningum B4.2**

Í fyrirsögninni „Leiðbeiningar B4.2 - Ábyrgð útgerðarmanns“ komi „B4.2.1“ í stað „B4.2“.

Í 1. mgr. í „Leiðbeiningar B4.2“ komi „Viðmiðun A4.2.1“ í stað „Viðmiðun A4.2“.

Næst á eftir 3. mgr. í viðmiðun B4.2 bætist við eftirfarandi fyrirsögn og texti:

Leiðbeiningar B4.2.2 - Meðferð samningskrafna.

1. Í landslögum eða reglugerðum ætti að kveða á um að aðilar að greiðslu samningsbundinnar kröfu megi nota fyrirmynd að eyðublaði fyrir móttöku og birtingu

Eyðublað sem er sett fram í viðbæti B4-I.

**C. Breyting til að bæta við nýjum viðbætum.**

Eftirfarandi viðbætir bætist við á eftir viðbæti A2-I:

**Viðbætir A4-I:**

Staðfesting um fjárhagslega tryggingu samkvæmt reglu 4.2.

Vottorð eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu, sem krafist er samkvæmt 14. mgr. í viðmiðun A4.2.1, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn skipsins,

b) heimahöfn skipsins,

c) kallmerki skipsins,

d) IMO-númer skipsins,

e) nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem veita fjárhagslega tryggingu,

f) upplýsingar um einstaklinga eða starfseiningu sem er ábyrg fyrir því að meðhöndla samningskröfur farmanna,

g) nafn útgerðarmanns,

h) gildistíma fjárhagslegrar tryggingar og

i) staðfestingu frá þeim sem veitir fjárhagslega tryggingu um að fjárhagslega tryggingin uppfylli kröfur viðmiðunar A4.2.1.

Eftirfarandi viðbætir bætist við á eftir viðbæti A4-I:

**Viðbætir B4-I:**

Fyrirmynd að eyðublaði fyrir móttöku og lausn

sem um getur í leiðbeiningum B4.2.2.

Skip (nafn, heimahöfn og IMO-númer):.................................................

Atvik (dagsetning og staður):.........................................................................................

Farmaður/lögerfingi og/eða nánasti aðstandandi:

.......................................................

Úgerðarmaður:...............................................................................................

Ég, [farmaður] [lögerfingi farmanns og/eða nánasti aðstandandi] * staðfesti hér með móttöku fjárhæðar [gjaldmiðill og fjárhæð] þar sem útgerðarmaður efnir þá skuldbindingu sína að greiða samningsbundnar bætur fyrir líkamstjón og/eða mannslát samkvæmt skilmálum og skilyrðum starfs [míns] [farmannsins]* og ég leysi hér með útgerðarmann undan skuldbindingum sínum samkvæmt umræddum skilmálum og skilyrðum.

Fjárhæðin er greidd án viðurkenningar ábyrgðar á hvers kyns kröfum og er samþykkt með fyrirvara um rétt [minn] [lögerfingja farmanns og/eða nánasta aðstandanda]* til að láta reyna á lögmæti kröfu að því er varðar vanrækslu, skaðabótaskyldan verknað, brot á lögboðinni skyldu eða hvers konar önnur lagaleg úrræði sem völ er á og leiða af ofangreindu atviki.

Dagsetning:...............................................................................................................

Farmaður/lögerfingi og/eða nánasti aðstandandi:

.................................................................

Undirskrift:...................................................................................................................

Staðfestist af:

Útgerðarmaður/fulltrúi útgerðarmanns:

Undirskrift:...................................................................................................................

Sá sem veitir fjárhagslega tryggingu:

Undirskrift:...................................................................................................................

* Strika skal yfir það sem á ekki við.

**D. Breytingar tengdar viðbætum A5-I, A5-II og A5-III.**

Við lok viðbætis A5-I bætist við eftirfarandi atriði:

Fjárhagsleg trygging tengd ábyrgð útgerðarmanna.

Í viðbæti A5-II, sem síðasti liður undir fyrirsögninni „Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna - I. hluti“, bætist við eftirfarandi liður:

16. Fjárhagsleg trygging tengd ábyrgð útgerðarmanna (regla 4.2).

Í viðbæti A5-II, sem síðasta atriði undir fyrirsögninni „Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna - II. hluti“, bætist við eftirfarandi atriði:

16. Fjárhagsleg trygging tengd ábyrgð útgerðarmanna (regla 4.2).

Við lok viðbætis A5-III bætist við eftirfarandi svið:

Fjárhagsleg trygging tengd ábyrgð útgerðarmanna.

*Fylgiskjal IV*

## Yfirlýsing 9. Evrópuráðstefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

### *9. Evrópuráðstefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar*

### Óslóaryfirlýsingin: Tiltrú á atvinnusköpun og hagvöxt endurvakin

### Samhengi

Á síðasta fundi okkar, sem haldinn var í Lissabon í febrúar árið 2009, vorum við í miðri alvarlegri efnahagskreppu með vaxandi atvinnuleysi, óöryggi og neikvæðum áhrifum á mikinn fjölda launafólks og fyrirtækja. Þetta leiddi til samþykktar alþjóðastarfasáttmálans (Global Jobs Pact) sem G-20 ríkin ákváðu síðan að yrði hluti af stefnu þeirra til að bregðast við kreppunni.

Fjórum árum síðar blasa við ólíkar aðstæður í ríkjunum. Sum lönd í Evrópu og á Mið-Asíu svæðinu (ECA ) eru að ná sér eftir kreppuna með stöðugu eða batnandi ástandi á vinnumarkaði. Þrátt fyrir þetta hefur kreppan dýpkað í stórum hluta okkar heimsálfu með atvinnuleysi sem komið er á hættustig sérstaklega meðal ungs fólks, auknu óöryggi hvað varðar störf, vaxandi misrétti, lakari félagslegri vernd, versnandi og óvissum aðstæðum fyrir fyrirtæki og fjárfestingu. Á sama tíma eru margar ríkisstjórnir að hrinda í framkvæmd sársaukafullum umbótum og að berjast við skuldir og gjaldmiðlavanda.

Þörf er á að finna nýjar og jákvæðar leiðir í þessum ríkjum til að vinna gegn neikvæðum efnahags-, félags- og stjórnmálalegum afleiðingum og endurvekja traust. Félagsleg samræða stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins (Social Dialog) og kjarasamningar eru árangursrík tæki til að milda áhrif kreppunnar en í mörgum ríkjum hefur verið dregið úr gildi þeirra.

Aðgerðir til að draga úr fjárlagahalla, kerfisbreytingar og samkeppnishæfni annars vegar og örvunaraðgerðir, fjárfesting í raunverulega atvinnuskapandi verkefnum, gæðastörf og aukin lánafyrirgreiðsla við fyrirtæki hins vegar eiga ekki að fela í sér mótsögn. Það er sameiginlegt hagsmunamál okkar að setja fram sjálfbærar tillögur í því skyni að skapa störf, hagvöxt og félagslegt réttlæti.

Við erum þeirrar skoðunar að þær aðgerðir sem mælt er með í alþjóða- starfasáttmálanum frá árinu 2009 skipti raunverulegu máli og ætti að hrinda í framkvæmd með virkum hætti.

Traust er hægt að endurvekja.

### Stefnumarkandi væntingar

Vegna þríhliðaskipulags síns og umboðs er Alþjóðvinnumálastofnunin í kjörstöðu til að aðstoða aðila til að takast á við félagsleg og efnahagsleg áföll og aðstoða við hönnun traustra og sanngjarnra áætlana um viðbrögð.

Alþjóðavinnumálastofnunin ætti:

- að mæla með stefnu sem ýtir undir mannsæmandi störf og atvinnusköpun með eftirfarandi atriðum:
    - o atvinnuskapandi þjóðhagsáætlunum og fjárfestingu í raunverulega atvinnuskapandi verkefnum,
    - o hvetjandi starfsumhverfi fyrir fyrirtæki,
    - o viðeigandi stefnu til að styrkja samkeppnishæfni og sjálfbæra þróun samhliða virðingu fyrir grundvallarreglum og réttindum við vinnu,
- að hvetja til stefnumörkunar sem bætir gæði starfa og eyðir launamun karla og kvenna,
- að hvetja til stefnumörkunar sem eykur og viðheldur trausti í viðskiptum, sjálfbærni fyrirtækja einkum smárra og meðalstórra fyrirtækja í samræmi við ályktun Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2007 um sjálfbær fyrirtæki,

- að hvetja til stefnumörkunar sem miðar að því að aðstoða atvinnuleitendur með virkum og árangursríkum vinnumarkaðsaðgerðum sem einkum er beint að þörfum yngra og eldra launafólks og stuðla að aukinni atvinnuþátttöku kvenna,
- að fjalla um það misræmi sem er á milli hæfni launafólks og þarfa vinnumarkaðarins,
- að hvetja til þess að hrundið verði í framkvæmd ályktun Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2012 um aðgerðir til að takast á við atvinnuleysi ungs fólks,
- að hvetja til stefnumörkunar sem stuðlar að aukinni fjárfestingu í rannsóknum og þróun, þar á meðal í skapandi tækni og græna hagkerfinu,
- að mæla með fullnægjandi og sjálfbæru almannatryggingakerfi,
- að hvetja til öflugs og ábyrgs samstarfs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í því skyni að eiga félagslega samræðu (Social Dialogue) á öllum stigum sem leiði til réttlátrar skiptingar, félagslegra framfara og stöðugleika á grundvelli launastefnu er taki mið af framleiðni,
- að styðja virka framkvæmd yfirlýsingar Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti með sérstakri áherslu á grundvallarreglur og réttindi við vinnu.

**Aðgerðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar**

Núverandi aðstæður kalla á fordæmalaus viðbrögð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Endurskipulagning stofnunarinnar verður að efla getu hennar til aðgerða.

Við óskum þess að alþjóðavinnumálaskrifstofan:

- láti í té greiningar og tæknilega ráðgjöf byggða á staðreyndum og hágæða rannsóknum,
- veiti aðilum sínum aðstoð við að takast á við sérstök viðfangsefni sem greind hafa verið í viðkomandi löndum svæðisins,
- leggi lið við innleiðingu grundvallarsamþykkta og annarra viðeigandi alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála,
- greiði fyrir miðlun reynslu meðal annars með því að skapa vettvang fyrir upplýsingar um vel heppnuð verkefni og með skipulagningu ráðstefna fyrir gagnkvæma fræðslu um afmörkuð málefni sem máli skipta,
- styrki getu ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins til að axla ábyrgð og efla framlag sitt í gegnum félagslega samræðu, kjarasamninga og virkt félagslegt samstarf til endurreisnar og breytinga,
- hvetji til samvirkni og samræmi stefnumörkun alþjóðastofnana og svæðisbundinna stofnana, einkum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, OECD, Alþjóðabankans, Evrópusambandsins og Efnahagssamstarfsnefndar Evrasíu á sviði þjóðhagfræði, vinnumarkaðsmála, atvinnumála og félagslegrar verndar og á samkomum eins og fundi vinnu- og fjármálaráðherra G-20 ríkjanna sem haldinn verður í Rússlandi í júlí 2013.

*Fylgiskjal V*

## Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árunum 2013–2014

Árið 1981 fullgilti Ísland alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144, um samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Á grundvelli tilmæla nr. 152 um framkvæmd samþykktarinnar var skipuð hinn 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin. Samþykktin og tilmælin endurspegla það sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Hún er eina stofnunin þar sem fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks eiga beina aðild að stjórnum, nefndum og ráðum.

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til hafa eftirtaldir skipað nefndina:

Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA). Varamaður hennar er Álfheiður Mjöll Sívertsen, lögmaður SA. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans er Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum. Fulltrúi félags- og húsnæðismálaráðherra og jafnframt formaður nefndarinnar er Gylfi Kristinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Varamaður hans var Rán Ingvarsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Helga María Pétursdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, tók sæti Ránar í október 2014.

Félags- og húsnæðismálaráðherra ákvað að bjóða Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytinu að tilnefna áheyrarfulltrúa til setu í nefndinni. Hinn 22. október 2013 skipaði ráðherra Sonju Ýr Þorbergsdóttur sem áheyrnarfulltrúa BSRB. Varamaður hennar er Kristinn Bjarnason. Sameiginlegur áheyrnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytisins var skipaður Atli Atlason. Varamaður hans er Kristrún Einarsdóttir.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina vegna aðildar að stofnuninni.

Árið 2013 hélt nefndin samtals sjö fundi og á árinu 2014 fjóra fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

### Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

*a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á svið félags- og vinnumála.*

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallarsamþykktunum en yfirleitt eru skýrslutímabilin fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. stofnskrárinnar sem heimilar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslnanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum er um að ræða margra síðna skýrslur einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Á skýrslutímabilinu undirbjó ILO-nefndin skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

- nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi,
- nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun,

- nr. 87, um félagafrelsi,
- nr. 98, um samningafrelsi,
- nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,
- nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis,
- nr. 108, um persónuskírteini sjómanna.
- nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs,
- nr. 122, um stefnu í atvinnumálum,
- nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði,
- nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum,
- nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála,
- nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi og
- nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra og
- nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd.

*b. Skýrslur um framkvæmd ófullgiltra samþykkta*

Með stoð í 19. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar getur stjórnarnefnd óskað eftir því við aðildarríkin að þau taki saman og sendi stofnuninni skýrslur um framkvæmd á efni samþykkta sem þau hafa ekki fullgilt.

Á árinu 2013 var haft samráð við ILO-nefndina um samantekt á skýrslu um framkvæmd samþykktar nr. 131, um ákvörðun lágmarkslauna. Nefndin afgreiddi á árinu 2014 skýrslu um framkvæmd samþykktar nr. 141, um félagasamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun.

*c. Undirbúningur fyrir og þátttaka í Alþjóðavinnumálaþinginu*

***102. Alþjóðavinnumálaþingið 2013***

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til var 102. Alþjóðavinnumálaþingið haldið dagana 5. til 20. júní árið 2013. ILO-nefndin fjallaði um þau málefni sem voru til umfjöllunar á þinginu. Að venju hélt nefndin fund að afloknu vinnumálaþingi og bar saman bækur sínar um helstu niðurstöður. Eftirfarandi var meðal þess sem kom fram á fundi nefndarinnar:

**1. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta**

Starf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta gekk þetta árið snurðulaust fyrir sig gagnstætt því sem gerðist á þinginu árið 2012. Nefndin fjallaði um, fyrir tilskilinn frest, framkvæmd 25 ríkja á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem þau höfðu fullgilt. Hún samþykkti að vekja sérstaka athygli á brotum eftirtalinna ríkja á samþykktum ILO: Hvíta-Rússland (samþykkt nr. 87, um félagafrelsi), Fitji (samþykkt nr. 87) og Úsbekistan (samþykkt nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd). Hún fjallaði um skýrslur þar sem gerð var almenn úttekt á framkvæmd aðildarríkjanna á samþykkt nr. 151, um verndun félagsfrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu, og á tilmælum nr. 159, um sama efni. Einnig úttekt á framkvæmd samþykktar nr. 154, um eflingu sameiginlegra samningsgerða, og tilmæla nr. 163 um sama efni.

Ísland var annað tveggja ríkja sem valið var á skrána fyrir góða framkvæmd á samþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra. Hitt ríkið var Rwanda vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 128, um lagmarksaldur við vinnu. Það mál var ekki hægt að taka fyrir í nefndinni þar sem Ruwanda var í hópi fárra aðildarríkja sem ekki sendi fulltrúa til þingsins.

Í niðurstöðum þingnefndarinnar kemur fram að nefndin fagni þeirri umræðu sem hafi átt sér stað varðandi framkvæmd Íslands á samþykkt nr. 159. Nefndin hrósar íslenskum stjórnvöldum fyrir metnaðarfullar aðgerðir til að skapa fötluðum tækifæri til þátttöku í atvinnulífinu. Aðgerðirnar hafi verið í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins sem hafi stofnað endurhæfingarsjóðinn VIRK sem samið var um í kjarasamningum árið 2008.

## 2. Fjárhagsnefnd

Meginviðfangsefni nefndarinnar var að fjalla um fjárhags- og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vegna tveggja ára tímabilsins 2014-–2015. Samtals er gert ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar á þessu tveggja ára tímabili verði rúmlega 801 milljón Bandaríkjadala.

## 3. Mannsæmandi vinnuskilyrði, græn störf og sjálfbær þróun

Fjallað var um græn störf sem miða að bættri orkunýtingu og sjálfbærri þróun í einni af nefndum vinnumálaþingsins. Í henni er einkum fjallað um lykilsvið og stofnanaskipulag sem auðveldar breytta forgangsröðun í átt að framtíð sjálfbærrar þróunar þar sem tekið er tillit til verndar umhverfisins og efnahaglegra og félagslegra þarfa. Hlutverk stjórnvalda yrði að skapa nauðsynlegan ramma fyrir slíka þróun þar sem áhersla er lögð á sjálfbær fyrirtæki og frumkvöðla. Lagt var fyrir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að semja áætlun sem yrði lögð fyrir stjórnarfund stofnunarinnar í nóvember 2013**.**

## 4. Vinna, félagsleg vernd og lýðfræðileg þróun

Á þinginu fór fram almenn umræða um vinnumál og félagslega vernd (almannatryggingar) í ljósi lýðfræðilegrar þróunar. Mannfjöldaspár gera ráð fyrir því að íbúafjöldi jarðar verði níu milljarðar árið 2050. Þetta ár verða fjórir á móti hverjum einum eldri en 65 ára virkir á vinnumarkaði í samanburði við níu á móti hverjum einum eldri en 65 ára árið 2000. Hér er um að ræða meðaltalstölur. Framvindan verður ólík eftir svæðum. Öldrunin verður mest í vestrænum iðnríkjum. Þessi þróun hefur mikil áhrif á þróun vinnumála, stöðu almannatryggingakerfa og framvindu efnahagsmála.

## 5. Þríhliða viðræður með hliðsjón af yfirlýsingunni um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna alþjóðavæðingu

Með yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu fylgdi ályktun um það hvernig fylgja skyldi eftir yfirlýsingunni. Samkvæmt henni á að gera reglulega úttekt á framkvæmd grundvallarsamþykkta stofnunarinnar. Að þessu sinni var komið að framkvæmd samþykkta sem fjalla um samráð ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins og kjarasamninga samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks. Þingnefndin mælir með því við stjórnarnefnd ILO að á Alþjóðavinnumálaþinginu í júní 2016 verði tekið til umfjöllunar málefni sem snýr að þeim aðstæðum þegar framleiðsluferli er alþjóðlegt, þ. e. að íhlutir eru framleiddir í ýmsum löndum og settir saman á tilteknum stað. Í slíku framleiðsluferli geta komið upp ýmis álitamál, m.a. sem lúta að vinnurétti. Á ensku er talað um „global supply chains“.

## 6. Skýrsla forstjóra: ILO í átt að aldarafmæli

Aðalumræðuefnið á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins eru skýrslur stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og forstjóra skrifstofunnar. Að þessu sinni var það skýrsla nýs forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Guy Ryder, sem lá fyrir þinginu. Heiti skýrslunnar er: *Í átt að aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar: Raunveruleiki, endurnýjun og þríhliða skuldbindingar* (enska: Towards the ILO centenary: Realities, renewal and tripartite commitment). Í skýrslunni fjallar forstjórinn um breytingar sem hafa átt sér stað á sviði vinnumála, hvernig Alþjóðavinnumálastofnunin hafi brugðist við, m.a. með yfirlýsingunum frá árunum 1998 og 2008. Enn fremur með áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði. Í henni eru settar fram sjö hugmyndir um það hvernig hægt væri að halda upp á 100 ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2019: Ljúka við endurskoðun á stjórnarháttum ILO, styrkja eftirlitið með framkvæmd alþjóðasamþykkta, aðstoða við fjölgun grænna starfa og stuðla að sjálfbærri þróun, skapa samstarfsvettvang fyrir ILO og fyrirtæki sem stuðla að sjálfbærni þeirra, aðgerðum gegn fátækt, jafnrétti kynja á

vinnumarkaði í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins og stofnun ráðgjafahóps um framtíðar-framvindu vinnumála.

Nefndarmenn voru sammála um að þetta 102. Alþjóðavinnumálaþing hafi tekist vel. Umræður í nefndum voru málefnalegar og fundarstörfin gengu vel. Þetta gilti ekki síst um nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem lauk sínu verki á tilsettum tíma andstætt því sem gerðist á 101. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2012.

### *103. Alþjóðavinnumálaþingið 2014*

Dagana 28. maí til 12. júní 2014 var haldið í Genf 103. Alþjóðavinnumálaþingið. Íslenska ILO-nefndin fjallaði á nokkrum fundum um helstu málefni sem voru á dagskrá þess. Nefndin fór einnig á fundi sínum yfir niðurstöður þingsins sem voru eftirfarandi:

#### 1. Bókun og tilmæli við samþykkt ILO nr. 29, um afnám nauðungarvinnu

Eitt helsta viðfangsefni þingsins var að fjalla um frekari aðgerðir til að vinna gegn nauðungarvinnu sem hefur tekið á sig nýja og breytta mynd í tímans rás frá því að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi samþykkt nr. 29 um þetta efni árið 1930. Niðurstaða þingsins var að afgreiða bókun við samþykkt 29 og tilmæli til aðildarríkjanna. Með þessum tveimur skjölum er gildissvið samþykktar nr. 29 víkkað út og tekur m.a. til mansals.

#### 2. Reglubundin umræða um stöðu vinnumála í heiminum

Árið 2008 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið yfirlýsingu um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Samkvæmt yfirlýsingunni felst í félagslegu réttlæti að hafa vinnu, að í gildi séu grundvallarréttindi í atvinnulífinu, ákvæði um félagslega vernd og að rétturinn til að semja um kaup og kjör sé virtur. Ákveðið var að á sérhverju Alþjóðavinnumálaþingi fari fram umræða um stöðu hvers þáttar um sig með það að markmiði að aðilum að Alþjóðavinnumálastofnuninni gefist kostur á að bera saman bækur sínar um stöðu mála, miðla af reynslu sinni og draga ályktanir af henni sem gætu markað stefnu í umbótaátt. Fyrsta umræðan af þessu tagi fór fram á Alþjóða-vinnumálaþinginu árið 2010 og fjallaði um vinnumál. Það var því enn á ný komið að umræðum um stöðu vinnumála í heiminum. Til undirbúnings umræðunum hafði alþjóðavinnumálaskrifstofan tekið saman í skýrslu upplýsingar frá aðildarríkjunum um atvinnustig, atvinnuleyfi og horfur á vinnumarkaði til næstu framtíðar. Fjallað var um efni skýrslunnar í einni af nefndum þingsins. Hún afgreiddi til allsherjarþingsins tillögu til þingsályktunar sem samþykkt var einum rómi. Í þings-ályktuninni eru tekin saman atriði sem aðildarríkin ættu að gefa gaum við mótun stefnu í vinnumálum.

#### 3. Breytingar á samþykkt ILO nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi árið 2006 samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Samþykktin hefur að geyma ákvæði sem mynda heildarlagaramma um vinnuumhverfi farmanna. Jafnframt voru felldar úr gildi um 60 eldri samþykktir og tilmæli sem höfðu fjallað um afmarkaða þætti sem snerta réttindi og skyldur þeirra. 103. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi breytingar á samþykkt nr. 186 sem fela í sér skyldu skipstjórnarmanns til að hafa til reiðu um borð í skipi vottorð sem staðfesta fjárhagslega getu til að standa straum af kostnaði við að aðstoða skipverja sem lenda í áföllum, t.d. vegna slysa eða veikinda.

#### 4. Aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið formlegt

Á Alþjóðavinnumálaþinginu fór fram fyrri umræða um aðgerðir til að gera óformlega hagkerfið að formlegu. Með óformlega hagkerfinu er átt við hvers kyns starfsemi sem kallar á starfsmenn og fjárhagslega umsýslu þar sem vinna er óskráð og ekki greiddir af henni skattar og

skyldur. Slíkt vinnuframlag þekkist í öllum starfsgreinum, bæði á vegum hins opinbera og einkaaðila.

### 5. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla

Eitt mikilvægasta verkefni Alþjóðavinnumálaþingsins er að ræða framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Umræðan fer fram í fjölmennustu nefnd þingsins. Hún byggir á skýrslum sérfræðinganefndar stofnunarinnar sem fer yfir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykktanna.

Árið 2012 kom upp óvænt staða í þingnefndinni en fram til þess tíma hafði nefndarstarfið gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig. Talsmenn atvinnurekenda í nefndinni gerðu athugasemd við yfirlitsskýrslu sérfræðinganefndar stofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Athugasemdin laut að því að sérfræðinganefndin telur að réttur til að fara í verkfall njóti verndar samþykktarinnar. Þessu atriði eru fulltrúar atvinnurekenda ósammála. Talsmenn launafólks voru á öndverðum meiði og sammála sérfræðinganefndinni. Afleiðingin árið 2012 varð sú að þingnefndin var óstarfhæf. Á árinu 2013 var ágreiningurinn óleystur þegar kom til Alþjóðavinnumálaþingsins í júní. Allt benti til þess að niðurstaðan yrði sú sama og árið 2012. Nefndin yrði óstarfhæf og engin mál afgreidd. Á síðustu stundu náðist málamiðlun. Hún fólst í því að fram komi í niðurstöðum nefndarinnar, í málum þar sem framkvæmd samþykktar nr. 87 er til umfjöllunar og rétturinn til að fara í verkfall komi við sögu, að ekki sé samstaða um það álit að þessi réttur sé varinn af nefndri samþykkt. Málamiðlunin hélt ekki á 103. Alþjóðavinnumálaþinginu og ágreiningur fulltrúa atvinnurekenda og launafólks lenti í hnút sem enn er óleystur þegar þessar línur eru skrifaðar. Nánar er fjallað um þennan ágreining í skýrslu félags- og húsnæðismálaráðherra um 103. Alþjóðavinnumálaþingið.

#### *d) Evrópuþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar*

Alþjóðavinnumálastofnunin heldur reglulega svæðisþing þar sem fjallað er um stöðu og framvindu félags- og vinnumála á viðkomandi svæði. Níunda Evrópuþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Noregi dagana 8.–11. apríl árið 2013. Þingið var haldið í samstarfi við norsk stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Helsta málefni þingsins var að taka til umfjöllunar tilmæli 8. Evrópuþingsins til aðildarríkjanna, sem haldið var í Portúgal árið 2009, um aðgerðir til að bregðast við áhrifum af fjármálakreppunni á félags- og vinnumál. Einnig var á dagskrá hvernig hægt væri að gera hagvöxt varanlegri, t.d. með fjárfestingu í vinnuaflskrefjandi verkefnum sem vinna á atvinnuleysi ungs fólks.

Samráðsnefndin undirbjó þátttöku sendinefndar Íslands í Evrópuþinginu. Hún fór yfir helstu niðurstöður og yfirlýsingu sem var afgreidd í lok þingsins. Nánar er fjallað um þingið í megnmáli skýrslu ráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnumálaþingið. Yfirlýsing Evrópuþingsins er birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu.

#### *e. Fullgilding alþjóðasamþykkta*

#### **Alþjóðasamþykktir nr. 81 og 188, um vinnumiðlun**

Í mars árið 2011 bárust velferðarráðuneytinu athugasemdir sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við framkvæmd Íslands á nokkrum fullgiltum alþjóðasamþykktum. Þeirra á meðal var athugasemd við framkvæmd á samþykkt ILO nr. 2, um aðgerðir gegn atvinnuleysi, frá árinu 1919 sem Ísland fullgilti hinn 17. febrúar 1958. Sérfræðinganefndin beinir þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að taka til athugunar að fullgilda nýrri samþykkir stofnunarinnar um þetta efni, þ.e. samþykkt nr. 88, um skipulagningu vinnumiðlunar frá árinu 1948, og nr. 181, um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, frá árinu 1997. Samtals hafa 89 aðildarríki fullgilt fyrri samþykktina og 28

þá síðarnefndu. Öll Norðurlöndin að Íslandi undanskildu hafa fullgilt samþykkt nr. 88. Finnland, eitt Norðurlandanna, hefur fullgilt samþykkt nr. 181.

Helsta skuldbindingin, samkvæmt samþykkt nr. 88, felst í því að hlutaðeigandi aðildarríki skuli halda uppi eða tryggja að haldið sé uppi opinberri ókeypis vinnumiðlun. Í samþykktinni er nánar fjallað um verkefni vinnumiðlunarinnar. Ekki verður annað séð en íslensk ákvæði um skipan vinnumiðlunar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til ríkis sem fullgildir samþykktina.

Í samþykkt nr. 181 felast skuldbindingar fyrir aðildarríki sem fullgildir samþykktina um að setja starfsemi einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa starfsramma þar sem atvinnuleitendum er tryggð nánar tilgreind þjónusta og vernd fyrir hvers kyns misneytingu eða sviksamlegum starfsaðferðum. Löggjöf sem tryggir framkvæmd á efni samþykktarinnar er ekki fyrir hendi á Íslandi.

ILO-nefndin fjallaði um tilmæli sérfræðinganefndar ILO á 283. og 284. fundi nefndarinnar í apríl 2011. Á 285. fundi nefndarinnar, 13. maí 2011, samþykkti nefndin að leita umsagnar nokkurra aðila á hugsanlegri fullgildingu samþykktanna. Þeirra á meðal var stjórn Vinnumálastofnunar. Umsagnarfrestur var til loka ágúst sama ár. Viðbrögð Vinnumálastofnunar bárust með bréfi, dags. 4. mars 2014. Í bréfinu kemur fram að Vinnumálastofnun telji eðlilegt að setja lög á Íslandi um einkareknar vinnumiðlanir, m.a. til að ljóst sé hvaða lög og reglur gilda um slíka starfsemi. Stofnunin telur enn fremur að þetta muni auka þekkingu á íslenskum vinnumarkaði á hverjum tíma, t.d. með tilliti til tölfræðiupplýsinga. Niðurstaða Vinnumálastofnunar er að mæla með því við velferðarráðuneytið að framangreindar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði fullgiltar og að sett verði lög sem ramma inn starfsemi einkarekinna vinnumiðlana.

Ráðherra var gerð grein fyrir stöðu málsins með minnisblaði 27. mars 2014. Jafnframt var óskað eftir ákvörðun um framhald málsins.

**Alþjóðasamþykkt nr. 187, um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu**

ILO-nefndin lauk umfjöllun um fullgildingu Íslands á samþykkt ILO nr. 187, um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, frá árinu 2006, á fundi sínum 26. nóvember 2013. Ekki tókst samstaða innan nefndarinnar um að mæla með fullgildingu samþykktarinnar. Alþýðusamband Íslands leggur til að samþykktin verði fullgilt. Samtök atvinnulífsins leggjast gegn fullgildingu.

Með minnisblaði, 28. janúar 2014, er ráðherra upplýstur um afstöðu heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins til málsins. Jafnframt er óskað eftir fyrirmælum ráðherra um það hvort halda eigi áfram vinnu við málið með það að markmiði að Ísland fullgildi samþykktina. Fullgilding kallar ekki á setningu laga eða breytingu á lögum. Ekki er talið að fullgilding leiði til kostnaðarauka fyrir Vinnueftirlit ríkisins (VER).

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 187 og tilmæli nr. 197, um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, voru afgreidd með víðtækum stuðningi á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2006. Með henni var að ýmsu leyti farið inn á nýja braut með alþjóðasamþykkt sem er eins konar rammasamþykkt sem hvetur aðildarríkin til markvissra umbóta á viðkomandi sviði eða í hlutaðeigandi starfsgrein. Þetta fyrirkomulag býður upp á sveigjanleika sem gerir kleift að taka tillit til séraðstæðna í aðildarríkjunum. Þannig eiga ríki að geta fullgilt samþykktina óháð því hvort þau eru þróuð iðnríki eða þróunarríki.

Skuldbindingin með fullgildingu felst í mótun stefnu og markvissum umbótum, í þessu tilviki í vinnuverndarmálum. Kjarni samþykktarinnar felst í því að ríki sem fullgildir samþykktina skuldbindur sig til að setja fram stefnu á landsvísu í vinnuverndarmálum. Einnig þarf að vera fyrir hendi stjórnkerfi sem ber ábyrgð á framkvæmd reglna á sviði aðbúnaðar, hollustu og öryggis á vinnustöðum. Stjórnvöld þurfa einnig að setja fram áætlanir um vinnuvernd á einstökum sviðum eða í tilteknum starfsgreinum. Samþykktin í íslenskri þýðingu er fylgiskjal með skýrslu félagsmálaráðherra, Magnúsar Stefánssonar, til Alþingis um 95. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf sem lögð var fram í mars árið 2007. Á þeim tíma var ekki mælt með fullgildingu samþykktarinnar þar sem verið væri að bera saman ákvæði hennar við íslensk vinnuverndarlög og reglur.

Óskað var umsagnar Vinnueftirlits ríkisins á hugsanlegri fullgildingu Íslands á samþykkt ILO nr. 187. Umsögn VER barst ráðuneytinu með bréfi 7. nóvember 2013. Í umsögninni er vakin athygli á þremur atriðum sem þurfi að bæta úr þannig að íslenskar lagareglur mæti þeim kröfum sem samþykktin gerir. Ný umsögn VER barst velferðarráðuneytinu með bréfi, dags. 14. febrúar 2013. Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að frá því að upphaflega umsögnin hafi verið gefin hafi orðið breytingar á ákvæðum um vinnuvernd auk þess sem unnið sé að ýmsum verkefnum sem stuðla muni að því að íslenskt lagaumhverfi verði í samræmi við samþykkt ILO nr. 187.

**Alþjóðasamþykkt nr. 189, um þjónustufólk á heimilum**

100. Alþjóðavinnumálaþingið árið 2011 afgreiddi alþjóðasamþykkt nr. 189 og tilmæli nr. 201, um þjónustufólk á heimilum. Samþykktin og tilmælin hafa verið til umfjöllunar í samráðsnefnd velferðarráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði, þ.e. Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. ILO-nefndin lauk umfjöllun um þetta málefni á 294. fundi sínum sem haldinn var 20. mars 2013. Ekki tókst samstaða innan nefndarinnar um að mæla með því að íslensk stjórnvöld fullgildi samþykktina. Velferðarráðherra var gerð grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar með minnisblaði 15. maí 2013.

Í minnisblaðinu kemur fram að Alþýðusamband Íslands mæli eindregið með því að íslensk stjórnvöld fullgildi samþykktina. Í umsögn ASÍ, dags. 6. desember 2012, kemur fram það álit að með fullgildingu verði unnið gegn svartri atvinnustarfsemi og réttarstaða íslensks og erlends vinnuafls betur tryggð. Enn fremur muni fullgilding leggja markmiðum hennar lið og hún muni hvetja önnur ríki til að gera slíkt hið sama.

Samtök atvinnulífsins eru á öndverðri skoðun. Í umsögn SA, dags. 20. mars 2013, kemur fram að samþykktin hafi enga skírskotun til aðstæðna hér á landi og launafólk á Íslandi njóti þegar flestra þeirra réttinda sem samþykktinni er ætlaða að tryggja. Fullgilding samþykktarinnar leggi hins vegar auknar skyldur og byrðar á íslenska stjórnsýslu. SA telur enn fremur að fullgilding samþykktarinnar muni ekki hafa teljandi áhrif í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi. Bent er á að við afgreiðslu nefndarinnar á málefninu hafi einungis fjögur ríki fullgilt samþykktina, þ.e. Úrúguay, Filippseyjar, Mauritius og Ítalía. Í umsögninni kemur fram að Samtök atvinnulífsins leggist eindregið gegn fullgildingu samþykktarinnar.

**Samþykktir nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna**

ILO-nefndin hefur á undanförnum árum haldið fundi með hagsmunaaðilum um hugsanlega fullgildingu Íslands á tveimur samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjalla um málefni sjómanna. Um er að ræða samþykkt ILO nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, frá árinu 2006, og samþykkt nr. 188, um vinnu við fiskveiðar, frá árinu 2008. Nefndin hélt fund 22. október 2007 um samþykkt nr. 186. Á þeim fundi var fjallað um greinargerð sem Haraldur Steinþórsson hafði tekið saman fyrir Siglingastofnun. Í greinargerðinni eru ákvæði samþykktarinnar borin saman við íslensk lög og reglugerðir. Á fundinum komu fram ábendingar um atriði sem þyrfti að kanna betur, t.d. læknisvottorð. Nefndin hélt fund 23. október 2008 með sömu hagsmunaaðilum. Á þeim fundi var farið yfir bæði samþykkt nr. 186 og nr. 188, um vinnu við fiskveiðar. Á fundinum var farið yfir greinargerð Siglingastofnunar um samanburð á íslenskum rétti og ákvæðum samþykktar nr. 188. Í niðurstöðum greinargerðarinnar kemur fram að þegar á heildina er litið sé réttarvernd þeirra fiskimanna sem starfa á skipum undir íslenskum fána til fyrirmyndar. Ekki sé nauðsyn á miklum breytingum á íslenskum lögum og reglugerðum til að bæta úr þeim tilvikum þar sem samþykktin gerir ríkari kröfur. Á fundinum voru lögð fram ljósrit úr skýrslum félagsmálaráðherra til Alþingis þar sem gerð var grein fyrir umfjöllun ILO-nefndarinnar um samþykktir nr. 186 og 188.

Nefndin hélt fund með hagsmunaaðilum í samvinnu við innanríkisráðuneytið, sem fer með málefni sem lúta að aðbúnaði og öryggi sjómanna, og Siglingastofnun þann 27. maí 2013. Á þeim fundi var samþykkt að halda áfram umræðum og athugunum á hugsanlegri fullgildingu Íslands á

samþykktum nr. 186 og 188. Ákveðið var að mælast til þess að innanríkisráðuneytið leiði vinnuhóp sem fjalli um málið enda fari það ráðuneyti með málefni sjómanna og verklag verði hliðstætt og þegar farið var yfir hugsanlega fullgildingu samþykktar nr. 185, um persónuskírteini sjómanna. Þó með þeirri breytingu að hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í vinnuhópnum auk velferðarráðuneytisins (félagsmálaráðuneytisins) þar sem það ráðuneyti fari með samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina. Markmiðið er að vinnuhópurinn skili innanríkisráðherra minnisblaði um hugsanlega fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykktum nr. 186 og 188. Minnisblaðið verði einnig lagt fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra. Innanríkisráðuneytið boðaði til fyrsta fundar um málið 5. nóvember 2013. Vinnuhópur innanríkisráðuneytisins hefur haldið þrjá fundi og ekki lokið störfum. ILO-nefndin hefur fylgst með störfum hans.

**Samþykkt nr. 185, um persónuskírteini sjómanna**

Á 292. fundi ILO-nefndarinnar, sem haldinn var 1. febrúar 2013, var lagt fram minnisblað til ráðherra, dags. 17. desember 2012, og farið yfir helstu niðurstöður vinnuhóps á vegum innanríkisráðuneytisins sem fjallaði um hugsanlega fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 185, um persónuskírteini sjómanna. Verkefni vinnuhóps innanríkisráðuneytisins var að leita lausna á vaxandi vanda sem hefur mætt íslenskum sjómönnum í erlendum höfnum sem felst í því að þeir geta ekki framvísað persónuskírteinum sem uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 108, um persónuskírteini sjómanna, frá árinu 1958. Hópurinn kannaði einnig kosti þess að við hönnun nýrra persónuskírteina verði tekið tillit til ákvæða í samþykkt ILO nr. 185 frá árinu 2003 um þetta efni. Í nýrri samþykktinni eru gerðar verulega meiri kröfur til öryggisþátta og eftirlits með persónuskírteinum sjómanna. Þess skal getið að sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur um árabil talið að íslenska sjóferðabókin uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru í samþykkt nr. 108 en hún var fullgilt af íslenskum stjórnvöldum árið 1970.

Fram kemur í minnisblaðinu til innanríkisráðherra að vinnuhópurinn leggi til að lögð verði áhersla á að uppfylla að öllu leyti kröfur sem samþykkt nr. 108 gerir til útlits og öryggisþátta persónuskírteina sjómanna. Hópurinn leggur til að samþykkt nr. 185 verði ekki fullgilt að sinni en tekið tillit til ákvæða hennar við hönnun nýrrar sjóferðabókar fyrir íslenska farmenn að svo miklu leyti sem kostur er við núverandi aðstæður og fjárhag.

*f. Skýrsla velferðarráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf*

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félags- og húsnæðismálaráðherra, velferðarráðherra á þeim tíma sem þessi skýrsla tekur til, gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar, í íslenskri þýðingu, þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Á árinu 2013 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslur velferðarráðherra um Alþjóðavinnumálaþingin sem haldin voru á árunum 2009–2012.

Um var að ræða tvær skýrslur. Önnur fjallaði um 98.–100. þingið en þau voru haldin á árunum 2009–2011. Í þeirri skýrslu er birt samþykkt nr. 189 og tilmæli nr. 201, um þjónustufólk á heimilum, sem afgreidd voru á 100. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2011. Einnig tilmæli nr. 200, um HIV, alnæmi og vinnumarkaðinn, en þau voru afgreidd á 99. þinginu árið 2010.

Hin skýrsla velferðarráðherra fjallaði um niðurstöðu 101. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2012. Í þeirri skýrslu eru birt tilmæli nr. 202, um lágmarksrétt til félagslegar verndar. Þau eru leiðbeinandi en ekki skuldbindandi fyrir aðildarríkin við mótun, uppbyggingu og viðhald lágmarksalmannatryggingakerfis sem tryggir aðgang að heilsugæslu og lágmarksframfærslu allra þjóðfélagsþegna. Gildi þeirra felst m.a. í því að koma þeim til aðstoðar sem standa lakast að vígi í samfélaginu og sæta mismunun af margvíslegum toga. Einnig er lögð áhersla á að stjórnvöld hafi

náið samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins við að hrinda í framkvæmd markmiðum sem sett eru í tilmælunum. Mælt er með því að skilgreindur sé lágmarksréttur til félagslegrar verndar. Það verði vernd almannatrygginga á landsvísu sem miðar að því að koma í veg fyrir eða draga úr fátækt, varnarleysi og félagslegri útskúfun. Síðar eru lagðar línur um það hvaða kröfur skuli uppfylla við framkvæmd tilmælanna.

*g. Gerð fríverslunarsamning við Kína*

Fulltrúi utanríkisráðuneytisins óskaði eftir því að koma á fund nefndarinnar til að ræða gerð fríverslunarsamnings við Kína. Fundur um þetta málefni var haldinn 18. febrúar 2013. Einnig mætti á fundinn sérfræðingur forsætisráðuneytisins í utanríkismálum.

Við upphaf fundarins var rifjað upp að fulltrúar utanríkisráðuneytisins hafi komið á 267. fund nefndarinnar, 15. nóvember 2007, til að ræða þetta málefni. Meðal þess sem rætt var á fundinum var áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði hvar sem er í heiminum og að virt sé yfirlýsing stofnunarinnar frá árinu 1998 um grundvallarréttindi í atvinnulífinu. Skipst var á skoðunum um það hvort og hvernig hægt væri að vísa til þessara atriða í fríverslunarsamningi.

Á fundinum, 18. febrúar 2013, var rætt um þróun mála í Kína frá því síðast var fjallað um þetta mál í nóvember 2007. Fram kom að lítil hreyfing hafi átt sér stað í þá átt að Kína fullgildi samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ríkið hefur fullgilt þrjár samþykktir, þ.e. samþykkt nr. 100, 138 og 182.

Dreift var fjölriti á fundinum úr skýrslu ICFTU (International Confederation of Free Trade Unions). Þar kemur fram að ástandið í þessum málum hafi síst batnað og jafnvel versnað síðastliðin fimm ár. Félagafrelsi er ekkert, frelsi til að gera kjarasamninga er takmarkað við stéttarfélag sem er á vegum hins opinbera og fólk sem berst fyrir auknu frelsi og að samþykktir ILO séu virtar er dæmt til nauðungarvinnu í svonefndum endurhæfingarbúðum sem er brot á grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um afnám nauðungarvinnu. Kínversk stjórnvöld hafa unnið markvisst að því að afnema og þurrka út allar tilvísanir til verkfallsréttar eða að grípa til sameiginlegra aðgerða til að bæta vinnuaðstæður eða kjör.

Einnig kom fram að fulltrúi ACFTU (All China Federation of Trade Unions) hafi verið kosinn í stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Fulltrúinn hafi í orði kveðnu tekið undir gagnrýni á stjórnvöld sem ekki virða grundvallarreglur atvinnulífsins - allra nema stjórnvalda í Kína. Af þessu leiði að Alþýðusamband Íslands leggist gegn stefnu íslenskra stjórnvalda í þessu máli, ekki síst meðan ástandið í réttindamálum launafólks í Kína er með þeim hætti sem raun ber vitni.

Upplýst var að Alþýðusamband Íslands tekur þátt í samstarfsverkefni NSF (Nordiska fackliga samorganisationen) og ACFTU í Kína. Verkefnið gengur m.a.út á að skiptast á skoðunum um réttindamál launafólks og starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga.

Fundinum lauk með því að fulltrúi utanríkisráðuneytisins kvaðst myndu halda samstarfsnefndinni upplýstri um framvindu mála.

*h. Erindi vinnumálaráðherra Noregs til velferðarráðuneytisins vegna fríverslunarsamnings við nokkur ríki í Mið-Ameríku*

Á fundi samráðsnefndarinnar, 18. febrúar 2013, var rætt um erindi sem velferðarráðuneytinu barst fimmtudaginn 14. febrúar 2013 frá vinnumálaráðherra Noregs. Það varðar samningaviðræður við fjögur ríki í Mið-Ameríku um fríverslun. Þessi ríki eru Gvatemala, Hondúras, Kosta Ríka og Panama. Í samningaviðræðunum var tekist á um orðalag í 3. grein væntanlegs samnings sem fjallar um alþjóðasamþykktir á sviði vinnumála og samninga. Mið-Ameríkuríkin vilja takmarka greinina með því að vísa til grundvallarsamþykkta ILO. Norski vinnumálaráðherrann bendir á í bréfi til starfssystkina sinna í þessum ríkjum að ekki sé heimilt að gera greinarmun á grundvallarsamþykktum og öðrum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem ríkin hafa fullgilt. Með

fullgildingu hafi ríki undirgengist skuldbindingu um að virða ákvæði allra samþykktanna og er það rökstutt með því að vísa til 19. gr. 5. töluliðar í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í erindi norska vinnumálaráðherrans til velferðarráðuneytisins er þess farið á leit að íslensk stjórnvöld leggi Norðmönnum lið í þessum málflutningi þeirra í samningaviðræðunum.

Fram kom hjá fulltrúa utanríkisráðuneytisins að íslenski fulltrúinn, sem hafi tekið þátt í samningaviðræðunum, hafi tekið undir framangreindan málflutning Norðmanna.

Niðurstaða samráðsnefndarinnar var sú að beina því til velferðarráðherra að framangreindum upplýsingum um stuðning Íslands við málflutning Norðmanna í viðræðunum um fríverslunarsamning við framangreind fjögur Mið-Ameríkuríki verði komið á framfæri við norska vinnumálaráðherrann.

*Fylgiskjal VI*

## Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

*Eftirtalin tíu aðildarríki tilnefna fastafulltrúa:*

Bandaríkin
Brasilía
Frakkland
Indland
Ítalía
Japan
Kína
Rússland
Sambandslýðveldið Þýskaland
Stóra-Bretland

| *Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna aðalfulltrúa:* | *Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa* |
|---|---|
| **Afríka** | |
| Alsír | Botsvana |
| Angóla | Búrkína Fasó |
| Gana | Chad |
| Kenýa | Eþíópía |
| Súdan | Lesótó |
| Simbabve | Malí |
| **Ameríka** | |
| Argentína | Dóminíska lýðveldið |
| Mexikó | Kanada |
| Panama | Kólumbía |
| Trinidad og Tóbagó | Kúba |
| Venesúela | Úrúgvæ |
| **Evrópa** | |
| Búlgaría | Albanía |
| Rúmenía | Belgía |
| Tyrkland | Holland |
| | Litháen |
| | Noregur |
| | Pólland |
| | Spánn |
| **Eyjaálfa** | |
| Arabísku furstadæmin | Ástralía |
| Íran | Barein |
| Kambodía | Bangladess |
| Kórea | Brunei Darussalam |
| | Indónesía |

## Fulltrúar atvinnurekenda.

**Aðalfulltrúar:**

A. Echavarría Saldarriga (Kólumbía)
R. Goldberg (Bandaríki Norður-Ameríku)
R. Hornung-Draus (Þýskaland)
H. Matsui (Japan)
K. Mattar (Sameinuðu arabísku furstadæmin)
M. Megateli (Alsír)
Y. Modi (Indland)
J. Mugo (Kenía)
P. O'Reilly (Nýja-Sjáland)
G. Pineau (Frakkland)
J. A. de Regil (Mexikó)
J. Rønnest (Danmörk)
C. Syder (Stóra-Bretland)
Y. Yuma (Kongó)

**Varafulltrúar:**

O.M.S. Alrayes (Barein)
J. Belahrach (Marokkó)
M. Ceretti (Argentína)
K. De Meester (Belgía)
O. Diallo (Fílabeinsströndin)
A. Frimpong (Gana)
L. Horvatic (Króatía)
J.M. Lacasa Aso (Spánn)
H. Liu (Kína)
J. Mailhos (Úrúgvæ)
M. Mdwaba (Suður-Afríka)
M. Moskvina (Rússland)
K. Rahman (Bangladess)
S. Romchatthoung (Tæland)
A. Savané (Gínea)
S. Texeira (Brasilía)
A. Urtecho (Hondúras)
A. Walcott (Barbados)
P. Woolford (Kanada)

## Fulltrúar launafólks.

**Aðalfulltrúar:**

K. Asamoah (Gana)
F. Atwoli (Kenýa)
A. Buntenbach (Þýskaland)
M.F. Carvalho Francisco (Angóla)

R.P. Chandrasekheran (Indland)
L. Cortebeeck (Belgía)
S. Fox (Bandaríkin)
J. Guangping (Kína)
S. Gurney (Stóra-Bretland)
H. Kelly (Nýja-Sjáland)
G. Marinez (Argentína)
T. Sakurada (Japan)
M. Shmakov (Rússland)
B. Thibault (Frakkland)

**Varafulltrúar:**

M. Al Maaytah (Jórdanía)
Z. Awan (Pakistan)
B. Byers (Kanada)
S. Cappuccio (Ítalía)
I. Carcamo (Hondúras)
P. Dimitrov (Búlgaría)
F. Djondang (Tsjad)
A. El Amri (Marókkó)
E. Familia (Dóminíska lýðveldið)
M. Guiro (Senegal)
M. Liew Kiah Eng (Singapúr)
A. Lisboa (Brasilía)
M. Maung (Burma)
G. Martínez (Argentína)
B. Ntshalintshali (Suður-Afríka)
J. E. Ort (Danmörk)
B. Pandey (Nepal)
C. Passchier (Holland)
S. Siwela (Simbabve)
M. L. Triana (Kólumbía)

*Fylgiskjal VII*

**Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu 1945–2006**

Samkvæmt 3. gr. 1. tölul. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal allsherjarþing fulltrúa aðildarríkjanna koma saman til fundar þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Tekið er fram að þar eigi sæti fjórir fulltrúar frá hverju ríki. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar og annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda en hinn fulltrúi launafólks. Hin síðari ár hefur Alþjóðavinnumálaþingið undantekningarlaust komið saman í Genf í Sviss. Þingið var vant að standa í u.þ.b. þrjár vikur. Frá og með 81. þinginu árið 1994 var formlegur hluti þingsins styttur um fimm daga. Þess í stað hefur einum til tveimur dögum fyrir þingsetningu verið varið til óformlegra undirbúningsfunda. Á nokkurra ára fresti eru haldin aukaþing sem hafa verið helguð málefnum skipverja.

Í 3. gr. 2. tölul. stofnskrárinnar kemur fram að hver fulltrúi getur haft með sér ráðgjafa en þeir mega ekki vera fleiri en tveir um hvert málefni sem er á dagskrá þingsins. Með fullgildingu stofnskrárinnar skuldbindur aðildarríki sig til þess að skipa fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd til þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, sbr. 3. gr. 5. tölul. Við skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands hefur frá upphafi verið haft samráð við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ) en frá árinu 2001 Samtök atvinnulífsins (SA). Embættismenn úr félagsmálaráðuneytinu (félmrn.) frá árinu 2011 velferðarráðuneytinu (velfrn), samgönguráðuneytinu (samgrn.) og utanríkisráðuneytinu (utanrrn.) hafa verið fulltrúar ríkisstjórnarinnar í nefndinni.

Hér fer skrá yfir þátttöku af hálfu Íslands í Alþjóðavinnumálaþinginu. Skráin hefst árið 1945 þegar aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt á 27. þinginu í París og lýkur með upptalningu á þingfulltrúum sem sóttu 95. þingið 2006. Bent skal á að þótt hér sé um að ræða tæmandi skrá yfir íslenska þingfulltrúa gildir ekki það sama um félagsmálaráðherra. Einungis er getið þeirra ráðherra sem hafa sent fulltrúa til þingsins. Rétt er einnig að benda á að árið 1970 var stofnuð fastanefnd Íslands í Genf. Þeir fulltrúar utanríkisráðuneytisins sem hafa sótt þingið frá þeim tíma hafa í öllum tilvikum verið starfsmenn fastanefndarinnar. Loks er rétt að vekja athygli á því að nokkur undanfarin ár hafa fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skipt með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður hefur leyst aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans hefur verið liðinn.

| Ráðherra: | Alþjóðavinnumálaþing: | Fulltrúar: |
|---|---|---|
| Finnur Jónsson | 27. þing, París 1945 | Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.) |
| félagsmálaráðherra | 29. þing, Montreal 1946 | Thor Thors (utanrrn.) |
| 17. sept. 1946 – | | Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.) |
| 4. febrúar 1947 | | Kjartan Thors (VSÍ) |
| | | Pétur G. Guðmundsson (ASÍ) |
| Stefán Jóh. Stefánsson | 30. þing, Genf 1947 | Finnur Jónsson (félmrn.) |
| félagsmálaráðherra | | Jónas Guðmundsson (félmrn.) |
| 1947–1949 | | Benedikt Gröndal (VSÍ) |
| | | Björn Bjarnason (ASÍ) |
| | 31. þing, San Francisco | Jónas Guðmundsson (félmrn.) |
| | 1948 | Jón S. Ólafsson (félmrn.) |
| Ólafur Thors | 32. þing, Genf 1949 | Jónas Guðmundsson (félmrn.) |
| félagsmálaráðherra | | Jón S. Ólafsson (félmrn.) |

| | | |
|---|---|---|
| 1949–1950 | | Sigurður Jónsson (VSÍ)<br>Magnús Ástmarsson (ASÍ) |
| Steingrímur Steinþórss.<br>félagsmálaráðherra<br>1950–1956 | 33. þing, Genf 1950 | Jónas Guðmundsson (félmrn.)<br>Haraldur Kröyer (utanrrn.) |
| | 35. þing, Genf 1952 | Jónas Guðmundsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Kjartan Thors (VSÍ)<br>Magnús Ástmarsson (ASÍ) |
| | 38. þing, Genf 1955 | Hjálmar Vilhjálmsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Eyjólfur Jóhannsson (VSÍ)<br>Eðvarð Sigurðsson (ASÍ) |
| Hannibal Valdimarsson<br>félagsmálaráðherra<br>1956–1958 | 40. þing, Genf 1957 | Hannibal Valdimarsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Kjartan Thors (VSÍ)<br>Eðvarð Sigurðsson (ASÍ) |
| Eggert G. Þorsteinsson<br>félagsmálaráðherra<br>1965–1970 | 50. þing, Genf 1966 | Eggert G. Þorsteinsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Kjartan Thors (VSÍ)<br>Björgvin Sigurðsson (VSÍ)<br>Hannibal Valdimarsson (ASÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ) |
| Hannibal Valdimarsson<br>félagsmálaráðherra<br>1971–1973 | 57. þing, Genf 1972 | Hannibal Valdimarsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Einar Benediktsson (utanrrn.)<br>Kristján Ragnarsson (VSÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ) |
| Björn Jónsson<br>félagsmálaráðherra<br>1973–1974 | 59. þing, Genf 1974 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Einar Benediktsson (utanrrn.)<br>Ólafur Jónsson (VSÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ) |
| Gunnar Thoroddsen<br>félagsmálaráðherra<br>1974–1978 | 63. þing, Genf 1977 | Gunnar Thoroddsen (félmrn.)<br>Haraldur Kröyer (utanrrn.)<br>Kornelíus Sigmundsson (utanrrn.) |
| Magnús H. Magnússon<br>félagsmálaráðherra<br>1978–1980 | 64. þing, Genf 1978 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Haraldur Kröyer (utanrrn.)<br>Jón H. Bergs (VSÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ)<br>Ásmundur Stefánsson |
| | 65. þing, Genf 1979 | Haraldur Kröyer (utanrrn.)<br>Tómas Karlsson (utanrrn.) |
| | 66. þing, Genf 1980 | Jón S. Ólafsson (félmrn.) |

| | | |
|---|---|---|
| | | Tómas Karlsson (utanrrn.) |
| Svavar Gestsson<br>félagsmálaráðherra<br>1980–1983 | 67. þing, Genf 1981 | Svavar Gestsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Jónsson (utanrrn.)<br>Skúli Jónsson (VSÍ)<br>Kristín Mäntilä (ASÍ) |
| | 68. þing, Genf 1982 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Jónsson (utanrrn.)<br>Kristín Mäntilä (ASÍ) |
| | 69. þing, Genf 1983 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Jónsson (utanrrn.)<br>Magnús Gunnarsson (VSÍ)<br>Björn Björnsson (ASÍ) |
| Alexander Stefánsson<br>félagsmálaráðherra<br>1983–1987 | 70. þing, Genf 1984 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Hafstein (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ) |
| | 71. þing, Genf 1985 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Hannes Hafstein (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ) |
| | 72. þing, Genf 1986 | Alexander Stefánsson (félmrn.)<br>Hallgrímur Dalberg (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Hannes Hafstein (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| | 73. þing, Genf 1987 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Kristinn Árnason (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| Jóhanna Sigurðardóttir<br>félagsmálaráðherra<br>1987–1994 | 75. þing, Genf 1988 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.)<br>Hallgrímur Dalberg (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.)<br>Kristinn Árnason (utanrrn.)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ)<br>Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| | 76. þing, Genf 1989 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.)<br>Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.)<br>Kristinn Árnason (utanrrn.)<br>Bjarnveig Eiríksdóttir (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ) |

| | |
|---|---|
| | Ásmundur Stefánsson (ASÍ) |
| | Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| 77. þing, Genf 1990 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) |
| | Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| 78. þing, Genf 1991 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) |
| | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| | Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) |
| 79. þing, Genf 1992 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Margrét Viðar (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) |
| | Þórunn Sveinbjörnsdóttir (ASÍ) |
| 80. þing, Genf 1993 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Lilja Ólafsdóttir (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Benedikt Davíðsson (ASÍ) |
| | Bryndís Hlöðversdóttir (ASÍ) |
| 81. þing, Genf 1994 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) |
| | Berglind Ásgeirsdóttir (félmrn.) |
| | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Guðmundur B. Helgason (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Bryndís Hlöðversdóttir (ASÍ) |
| | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |

| | | |
|---|---|---|
| Páll Pétursson<br>félagsmálaráðherra<br>1995–2003 | 82. þing, Genf 1995 | Páll Pétursson (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)<br>Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)<br>Haukur Ólafsson (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ)<br>Ástráður Haraldsson (ASÍ)<br>Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 83. þing, Genf 1995 | Jósef H. Þorgeirsson (samgrn.)<br>Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)<br>Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)<br>Haukur Ólafsson (utanrrn.)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ)<br>Borgþór S. Kjærnested<br>(Sjómannafélag Reykjavíkur) |
| | 84. þing, Genf 1996 | Páll Pétursson (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)<br>Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)<br>Haukur Ólafsson (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ)<br>Ástráður Haraldsson (ASÍ)<br>Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 85. þing, Genf 1997 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)<br>Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)<br>Haukur Ólafsson (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ)<br>Ástráður Haraldsson (ASÍ)<br>Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 86. þing, Genf 1998 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Benedikt Jónsson (utanrrn.)<br>Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)<br>Haukur Ólafsson (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ)<br>Ástráður Haraldsson (ASÍ)<br>Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 87. þing, Genf 1999 | Elín Blöndal (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Benedikt Jónsson (utanrrn.)<br>Haukur Ólafsson (utanrrn.)<br>Þórður Yngvi Guðmundsson (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)<br>Jón H. Magnússon (VSÍ)<br>Ástráður Haraldsson (ASÍ) |

| | | |
|---|---|---|
| | | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 88. þing, Genf 2000 | Elín Blöndal (félmrn.) |
| | | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Benedikt Jónsson (utanrrn.) |
| | | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | | Ástráður Haraldsson (ASÍ) |
| | | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 89. þing, Genf 2001 | Páll Pétursson (félmrn.) |
| | | Berglind Ásgeirsdóttir (félmrn.) |
| | | Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir (félmrn.) |
| | | Benedikt Jónsson (utanrrn.) |
| | | Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús M. Norðdahl (ASÍ) |
| | 90. þing, Genf 2002 | Berglind Ásgeirsdóttir (félmrn.) |
| | | Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir (félmrn.) |
| | | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | | Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.) |
| | | Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús M. Norðdahl (ASÍ) |
| | | Kristján Bragason (ASÍ) |
| Árni Magnússon félagsmálaráðherra 2003 – 7. mars 2006 | 91. þing, Genf 2003 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir (félmrn.) |
| | | Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.) |
| | | Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Ari Edwald (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús M. Norðdahl (ASÍ) |
| | | Ásdís Guðmundsdóttir (ASÍ) |
| | 92. þing, Genf 2004 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir (félmrn.) |
| | | Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.) |
| | | Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.) |
| | | Hlynur Skúli Auðunsson (samgrn.) |
| | | Vilhjálmur Egilsson (sjútvrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús Norðdahl (ASÍ) |
| | | Pálmi Finnbogason (ASÍ) |
| | | Sævar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 93. þing, Genf 2005 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |

| | | |
|---|---|---|
| | | Sverrir Konráðsson (samgrn.) |
| | | Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.) |
| | | Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús M. Norðdahl (ASÍ) |
| | | Sævar Gunnarsson (ASÍ) |
| | | Ísleifur Tómasson (ASÍ) |
| | 94. þing, Genf 2006 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Sverrir Konráðsson (samgrn.) |
| | | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | | Einar Gunnarsson (utanrrn.) |
| | | Ægir Steinn Sveinþórsson (ASÍ) |
| | | |
| Jón Kristjánsson | 95. þing, Genf 2006 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| félagsmálaráðherra | | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| 7. mars – 15. júní 2006 | | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | | Einar Gunnarsson (utanrrn.) |
| | | Anna Jóhannsdóttir (utanrrn.) |
| | | Edda Magnus (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús M. Norðdahl (ASÍ) |
| | | Sigurður Magnússon (ASÍ) |
| | | |
| Jóhanna Sigurðardóttir | 96. þing. Genf 2007 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) |
| félags- og trygginga- | | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| málaráðherra | | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| 24. maí 2007 – 1. febrúar 2009 | | Ragnar G. Kristjánsson (utanrrn.) |
| | | Þorbjörn Jónsson (utanrrn.) |
| | | Ingólfur Friðriksson (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús M. Norðdahl (ASÍ) |
| | | Sævar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 97. þing. Genf 2008 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | | Ragnar G. Kristjánsson (utanrrn.) |
| | | Þorbjörn Jónsson (utanrrn.) |
| | | Hafrún Ösp Stefánsdóttir (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | | Jón H. Magnússon (SA) |
| | | Magnús Norðdahl (ASÍ) |
| | | Georg Páll Skúlason (ASÍ) |
| | 98. þing. Genf 2009 | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | | Ragnar G. Kristjánsson (utanrrn.) |
| | | Veturliði Þór Stefánsson (utanrrn.) |
| | | Eva Bjarnadóttir (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |

| | | |
|---|---|---|
| | | Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús M. Norðdahl (ASÍ)<br>Georg Páll Skúlason (ASÍ) |
| Árni Páll Árnason<br>félags- og trygginga-<br>málaráðherra<br>10. maí 2009 – 2. september 2010 | 99. þing. Genf 2010 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Kristinn F. Árnason (utanrrn.)<br>Ragnar G. Kristjánsson (utanrrn.)<br>Veturliði Þór Stefánsson (utanrrn.)<br>Eva Bjarnadóttir (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús M. Norðdahl (ASÍ)<br>Maríanna Traustadóttir (ASÍ) |
| Guðbjartur Hannesson<br>velferðarráðherra<br>1. janúar 2011 – 23. maí 2013 | 100. þing. Genf 2011 | Gylfi Kristinsson (velfrn.)<br>Kristinn F. Árnason (utanrrn.)<br>Ragnar G. Kristjánsson (utanrrn.)<br>Veturliði Þór Stefánsson (utanrrn.)<br>Eva Bjarnadóttir (utanrrn)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús M. Norðdahl (ASÍ)<br>Maríanna Traustadóttir (ASÍ) |
| | 101. þing. Genf 2012 | Gylfi Kristinsson (velfrn.)<br>Kristinn F. Árnason (utanrrn.)<br>Ragnar G. Kristjánsson (utanrrn.)<br>Veturliði Þór Stefánsson (utanrrn.)<br>Eva Bjarnadóttir (utanrrn)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús M. Norðdahl (ASÍ)<br>Maríanna Traustadóttir (ASÍ) |
| Eygló Harðardóttir<br>félags- og húsnæðis-<br>málaráðherra<br>23. maí 2013 – | 102. þing. Genf 2013 | Gylfi Kristinsson (velfrn.)<br>Martin Eyjólfsson (utanrrn.)<br>Finnur Þór Birgisson (utanrrn.)<br>Þórður Sigtryggsson (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Álfheiður Mjöll Sívertsen (SA)<br>Magnús M. Norðdahl (ASÍ)<br>Maríanna Traustadóttir (ASÍ) |
| | 103. þing. Genf 2014 | Gylfi Kristinsson (velfrn.)<br>Martin Eyjólfsson (utanrrn.)<br>Finnur Þór Birgisson (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Álfheiður Mjöll Sívertsen (SA)<br>Magnús M. Norðdahl (ASÍ)<br>Maríanna Traustadóttir (ASÍ) |

*Fylgiskjal VIII*

## Samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins 1919–2014

Hér á eftir fer skrá yfir alþjóðasamþykktir sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnumálaþinginu árin 1919–2012. Athygli er vakin á athugasemdum aftanmáls við nokkrar af samþykktunum. Fjöldi fullgildinga kemur fram í seinni sviganum.

Nr. Heiti samþykktar:

1. Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919) (52).
2. Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919) (57).
3. Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919)[2] (34).
4. Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919)[2)5] (58).
5. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919)[5] (72).
6. Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði (1919)[2] (59).
7. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920)[5] (53).
8. Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920) (60).
9. Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920)[5] (41).
10. Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921)[5] (55).
11. Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921) (122).
12. Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921)[2] (77).
13. Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921) (63).
14. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921) (119).
15. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (1921)[2)5] (69).
16. Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku (1921) (82).
17. Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925)[5] (74).
18. Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925)[5] (68).
19. Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925) (121).
20. Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925)[5] (17).
21. Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926)[5] (33).
22. Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926) (60).
23. Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926)[5] (47).
24. Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa (1927)[5] (29).
25. Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927)[5] (21).
26. Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928) (104).
27. Samþykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929) (66).
28. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929)[2] (4).
29. Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930) (175).
30. Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930) (30).
31. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931)[5] (2).
32. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932)[3] (46).
33. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932)[5] (25).
34. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933)[3)5] (11).
35. Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3)5] (11).
36. Samþykkt um skylduellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)[3)5] (10).

37. Samþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verslunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3)5] (11).
38. Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)[3)5] (10).
39. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum, mönnum sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3) 5] (8).
40. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum og landbúnaðarverkamönnum (1933)[3)5] (7).
41. Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934)[3) 5] (38).
42. Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934) [5] (53).
43. Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðjum (1934)[5] (13).
44. Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934)[5] (14).
45. Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935) (98).
46. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935)[4] (3).
47. Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935) (15).
48. Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935)[3)5] (12).
49. Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935)[5] (10).
50. Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936)[5] (33).
51. Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936)[3] (0).
52. Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936)[5] (54).
53. Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936) (37).
54. Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936)[3)][5] (6).
55. Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936) (18).
56. Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936)[5] (20).
57. Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936)[5] (3).
58. Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)[5] (51).
59. Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937)[2] (36).
60. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937)[2] (11).
61. Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937)[4] (0).
62. Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937)[5] (30).
63. Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu svo og landbúnaði (1938)[5] (34).
64. Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939)[5] (31).
65. Samþykkt um refsiákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939)[5] (33).
66. Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939)[2)3] (0).
67. Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939)[3] (4).
68. Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946) (25).
69. Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946) (38).
70. Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946)[5] (7).
71. Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946) (13).
72. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmann (1946)[5] (5).
73. Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946) (46).
74. Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946) (29).
75. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946)[5] (5).
76. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946)[5] (0).
77. Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa (1946) (43).

78. Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (39).
79. Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (20).
80. Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (1946)[4] (57).
81. Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947) (145).
82. Samþykkt um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1947) (4).
83. Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskyldu í ósjálfstæðum löndum (1947) (2).
84. Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947) (9).
85. Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947) (11).
86. Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947)[5] (23).
87. Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948) (152).
88. Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948) (89).
89. Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (67).
90. Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (51).
91. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949)[3] (25).
92. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949) (47).
93. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949) [5] (5).
94. Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949) (62).
95. Samþykkt um verndun vinnulauna (1949) (97).
96. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949)(42).
97. Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949) (49).
98. Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949) (163).
99. Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951) (53).
100. Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (1951) (171).
101. Samþykkt um orlof með kaupi í landbúnaði (1952)[5] (46).
102. Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952) (49).
103. Samþykkt um mæðravernd (1952)[5] (41).
104. Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955)[5] (26).
105. Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957) (174).
106. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957) (63).
107. Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja (1957)[5] (27).
108. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (1958) (64).
109. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958)[5] (15).
110. Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958) (12).
111. Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958) (172).
112. Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959)[5] (29).
113. Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959) (30).
114. Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959) (23).
115. Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960) (50).

116. Samþykkt um breytingu á samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í því skyni og samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykkta (1961)[4] (77).
117. Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962) (32).
118. Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962) (38).
119. Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963) (52).
120. Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1964) (51).
121. Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu (1964) (24).
122. Samþykkt um stefnu í atvinnumálum (1964) (108).
123. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum (1965)[5] (41).
124. Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum (1965) (41).
125. Samþykkt um hæfnisskírteini fiskimanna (1966) (10).
126. Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966) (23).
127. Samþykkt um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera (1967) (29).
128. Samþykkt um elli-, örorku- og eftirlifendabætur (1967) (16).
129. Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969) (53).
130. Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969) (15).
131. Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970) (51).
132. Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðað 1970) (36).
133. Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði 1970) (32).
134. Samþykkt um slysavarnir sjómanna (1970) (29).
135. Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum (1971) (85).
136. Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá benseni (1971) (38).
137. Samþykkt um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum (1973) (25).
138. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu (1973) (166).
139. Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini (1974) (39).
140. Samþykkt um námsleyfi með launum (1974) (34).
141. Samþykkt um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (1975) (40).
142. Samþykkt um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls (1975) (68).
143. Samþykkt um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar (1975) (23).
144. Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1976) (134).
145. Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna (1976) (17).
146. Samþykkt um árlegt orlof farmanna (1976) (17).
147. Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976) (56).
148. Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað (1977) (45).
149. Samþykkt um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (1977) (41).
150. Samþykkt um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag (1978) (74).
151. Samþykkt um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu (1978) (50).
152. Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu (1979) (26).
153. Samþykkt um vinnustundir og hvíldartíma við akstur (1979) (9).
154. Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða (1981) (44).
155. Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1981) (61).

156. Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (1981) (43).
157. Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum (1982) (4).
158. Samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda (1982) (36).
159. Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1983) (82).
160. Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál (1985) (49).
161. Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (1985) (31).
162. Samþykkt um öryggi við notkun asbests (1986) (35).
163. Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987) (18).
164. Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja (1987) (15).
165. Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (1987) (3).
166. Samþykkt um heimsendingu skipverja (1987) (14).
167. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði (1988) (24).
168. Samþykkt um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi (1988) (8).
169. Samþykkt um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum (1989) (22).
170. Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu (1990) (17).
171. Samþykkt um næturvinnu (1990) (11). .
172. Samþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum (1991)(15).
173. Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda (1992) (21).
174. Samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum (1993) (18).
175. Samþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf (1994) (14).
176. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum (1995) (28).
177. Samþykkt um heimastörf (1996) (10).
178. Samþykkt um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja (1996) (15).
179. Samþykkt um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm (1996) (10).
180. Samþykkt um vinnutíma skipverja og mönnun skipa (1996) (21).
181. Samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur (1997) (28).
182. Samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana (1999) (178).
183. Samþykkt um mæðravernd (2000) (28).
184. Samþykkt um öryggi og hollustu í landbúnaði (2001) (15).
185. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (2003) (23).
186. Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna (2006) (51).
187. Samþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu (2006) (26).
188. Samþykkt um vinnu við fiskveiðar (2007)[1] (4).
189. Samþykkt um þjónustufólk á heimilum (2011) (11).

**Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar:**

(Dagsetning á skráningu fullgildingar er innan sviga.)

1. Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (17. febrúar 1958).
2. Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (21. ágúst 1956).
3. Nr. 15, um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (21. ágúst 1956).
4. Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (17. febrúar 1958).
5. Nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (21. ágúst 1956).

6. Nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun (24. mars 2009).
7. Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess (19. ágúst 1950).
8. Nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn (1952).
9. Nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (15. júlí 1952).
10. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (17. febrúar 1958).
11. Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis (20. febrúar 1961).
12. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (29. nóvember 1960).
13. Nr. 108, um persónuskírteini sjómanna (26. október 1970).
14. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs (29. júlí 1963).
15. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum (22. júní 1990).
16. Nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði (24. mars 2009).
17. Nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu (6. desember 1999).
18. Nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum (21. júní 1991).
19. Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (30. júní 1981).
20. Nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum (11. maí 1999).
21. Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (21. júní 1991).
22. Nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (22. júní 2000).
23. Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (22. júní 1990).
24. Nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana (22. júní 2000).

**Athugasemdir:**

1) Samþykkt sem ekki hefur verið fullgilt af nægilega mörgum aðildarríkjum til að öðlast gildi.
2) Samþykkt sem hefur verið endurskoðuð með síðari samþykkt.
3) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að hún hefur verið endurskoðuð með nýrri samþykkt sem hefur tekið gildi.
4) Samþykkt hefur ekki verið fullgilt af lágmarksfjölda aðildarríkja til að taka gildi. Ákvæði í nokkrum þeirra hafa verið tekin upp í aðrar síðari samþykktir.
5) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að Alþjóðavinnumálaþingið hefur lýst hana úrelta.